

Timinn

19. tölublað — Miðvikudagur 24. janúar — 57. árgangur

HOTEL LOFTLEIÐIR



„Hótel Loftleidir býður gestum sínum að velja á milli 217 herbergja með 434 rúmum — en gestum standa líka fjórir til bóða. Allur búnaður mýðast við strangar kröfur vandlátra. LOFTLEIDAGESTUM LIDUR VEL.

Hraungarðar varna rennsli á austustu húsin í Eyjum

Enginn veit þó enn, til hvers kann að draga

KJ—Vestmannaeyjum

Í þeirri stundu, sem eldgosíð á Heimaey brautz út í fyrri nótt, munu flestir Vestmannaeyingar hafa verið gengnir til náða, en þó er vítað um nokkra, sem enn voru á fótum, og sumir þeirra voru meira að segja nýkomnir af þeim slóðum þar sem eldgosíð byrjaði. Jóhannes Kristinsson hjá Steypustöð Vestmannaeyja og skipsmaður á Lóðsinum var nýkominn austast af eyinni, ásamt nokkrum fleiri mönnum. Hann sagði við fréttamann Timans í fyrri nótt:

„Ég fann eins og eitthvert skot í afturenda bílsins míns og varð var við eldbjarna um leið. Hélt ég í fyrstu að timburhús þarna við götuna væri aelda, en það reyndist heldur meiri eldur en það. Við mér blasti eldraður himinn, og ég forðaði mér heim á leið, kom konu og börnum niður á höfn, en sjálfur varð ég eftir, þar sem við á Lóðsinum áttum að vera tilbúin, ef á þyrfti að halda. Guðjón Pétursson býr við Kirkjubæjarbraut í einu austasta húsinu á Heimaey:

— Ég vaknaði við drunur og fannst kviknað í húsinu, en fljótlega skynjaði ég þó, hvað um var að vera og flýtti mér að vekja heimilisfólkið og koma því út. Ég átti hesta í húsi þarna rétt hjá og hleypti þeim út. Þeir virtust haga sér alveg eblilega.

Magnús Magnússon bæjarstjóri sagðist hafa fundið tvo jarðskjálftakippi um tíuleytið í fyrri kvöld, og síðan fleiri kippi um klukkan hálf tólf.

— Ég fann svo fleiri kippi, sagði Magnús við Timann, og mig grunnaði í fyrstu, að nú væri Katla gamla að rumska. En eldgosíð var þá nær okkur. Jarðskjálftar eru mjög sjaldgæfir í Eyjum.

Rétt fyrir klukkan 2 hringdi svo Páll bæjartæknifræðingur í mig og sagði: „Litlu á austur“, og það leyndi sér ekki hvað var á seyði.

Hápunkturinn í gærmorgun

Svo virðist sem hápunktur gossins hafi verið um áttaleytið í gærmorgun, en þá var gossprungan, sem er frá því syðst á eyinni og norður úr eitt eldhafr. Vera má, að myrkið hafi villt mönnum sýn, en undir kvíðið í gær var eldstrókarinn upp úr gossprunginni ekki eins mikill og í bærmorgun. Í fyrstu lagði gossökkinn yfir bæinn, og þakti grógerð gossmöll allar götur þar. Marraði einkennilega undir fæti, þegar gengið var um á steypium gangstéttunum.

Þegar kom fram yfir hádegi í gær fór áttin góðu heilli að breytast. Lagði þá gossökkinn á haf út og jafnframt sást gosíð betur frá bænum.



Forráðamenn í Vestmannaeyjum í námunda við eldstöðvarnar

—Timamynd Gunnar

Fréttamenn Timans hafa fylgt með gosinu frá fyrstu stundum þess, og þrátt fyrir alla þá eybliggingu og upplausn, sem þetta hefur haft í för með sér í Vestmannaeyjum, þá verður því ekki neitað, að gosíð er stórkostlegt sjónarspil, þegar duldir kraftar jarðar þeyta glóandi raubum hraunslettunum úr langri gossprunginni upp í loftið.

Þegar líða tók á dag í gær, fóru að koma miklar reyksúlur upp úr gullungu og jafnframt voru reyk-

sprengingar öðru hverju. Var þetta ekki ósvipað því, sem var í Surtseyjargosinu, þegar það var og hét.

Samkvæmt frásögnum sjónarvotta braut gosíð sér fyrst leið upp á yfirborðið rétt norðan við Helgafell úr bænum að sjá. Þar var gosíð líka ólungast í allan gærdag og þá einkum á mót við Kirkjubæna, sem eru austasta byggð á Heimaey.

Oftan úr austanverðum hlíðum Helgafells hefur verið stórkost-

legt að virða gosíð fyrir sér, og hafa jarðfræðingar og kvikmyndatökumenn notfært sér það óspart. Vítað er um jarðfræðingana Sigurð Þórarinnsson, Svein Jakobsson og Kristján Sæmundsson, sem komið hafa til Vestmannaeyja eftir að gosíð hófst. Jarðskjálftamælir er kominn á Heimaey, og von er á fleiri vísindamönnum til að fylgjast með gosinu.

Við Kirkjubæna er öskulagið svo þykkt, að það fyllir allar

dældir, og allt er þar kolsvart yfir að líta. Þegar fjær dregur eldstöðvunum minnkar askan, en hún nær þó yfir alla eyna.

Nautgripum lógað

Ekki er búsmali mikill í Eyjum, en þar eru þó hross, nautgripir og sauðfé, ásamt nokkrum af hænsum. Í gær var gripid til þess ráðs að lóga öllum nautgripunum, um 50 að tölu, og ráðagerðir voru uppi um að flytja hestana til Framhald á 7. síðu.

Verðmæti flutt úr austustu húsunum

KJ—Vestmannaeyjum

Í gærkvöldi var hafizt handa við að flytja allt lauslegt úr sex austustu húsunum á Heimaey — Kirkjubæjunum svo kölluðu. Sýnt þótti þá að hraunstraumurinn gæti þá og þegar farið að ryðja sér leið vestur úr gossprunginni,

og gæti hraunið þá lent á húsunum áður en það næði í sjó fram.

Gosíð hefur brotið niður gossvegginn að vestan miðja vegu milli Helgafells og sjávar, og ofan af Helgafelli að sjá er þar kraumandi pottur, og eins og grauturinn í honum sé seigur. Það er frá

þessum stað sem húsunum stafaði hætta vegna hraunrennslis í gærkvöldi og því ekki að ástæðulausu að hafizt var handa við að tæma húsin.

Gosíð hélt áfram með sama kraftinum í gærkvöldi. Syðstu gígarnir eru nærri daubir en austur af Helgafelli er einstakur

gígur, og hljóðin úr honum eru eins og hás maður sé að rækja sig. Í gígardönnin í norðaustur af þessum einstaka gíg er stöðugur niðandi dynur, en inn á milli koma eins og dimm þotuhljóð. Þjarmann af gosinu leggur yfir bæinn, og er lesbjart í töluverðri fjarlægð frá því.

Ávarp forseta Íslands í útvarpi í gær:

Það, sem á einn er lagt, það er lagt á alla

Góðir landsmenn, Náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum eru einn þeirra atburða, sem gera öll orð vanmegna. Og þó — þau má þó alltaf fyrir það, að svo óskaplegur háski við bæjarvegginn í einum fjölmennasta kaupstað landsins skyldi ríða yfir án þess að nokkurt mannsbarn bíði lífstjón eða líma. Einu sinni áður hafa Vestmannaeyjar orðið vettvangur einhverra hrikalegustu atburða í sögu landsins. Það var þegar Tyrkir fóru þar herskildi, drápu tugi manna og föngubú hundruð manns og seldu mannsali. Þá tæmdust Vestmannaeyjar nær því af fólki um sinn, eins og nú. En öllu er saman að jafna. Annars vegar mannleg grimmd og miskunnarleysi í blindni sinni. Nú eru það blind náttúruöflin sem búa

í eldlegu eðli lands vors, sem ógnunum valda en á hinn bóginn hefur mönnum tekist það þrekvirkni að flytja fólk allt heilt á húfi brott frá vöðunum. Það er ljúft og skylt að þakka öllum, sem á svipstundu, að heita mátti, byggðu þessa brú milli lands og eyja, bæði heimamönnum í Vestmannaeyjum og öllum öðrum, sem hlut eiga að máli. Það verður ekki annað séð en að stilling, þrek og góð skipulagning hafi einkennt þessa stórkostlegustu mannlutninga, sem um getur í sögu landsins. Og veit þó enginn hvernig farið hefi, ef ekki hefi verið það lán í óláni, að veður var gott á hættulegri árstíð. Leggur drottinn lík með þraut.

Þetta áfall er mikið, fyrir Vestmannaeynga og fyrir þjóðina alla, og er þó enn



hulíð, hversu mikið það áfall kann að verða. En ég vænti þess, að það sé þegar komið á daginn, að allar hendur séu útréttar til þess að bjarga því sem bjargað verður. Þetta er vissulega mál þjóðarinnar allrar, það mun Vestmannaeyngum vera óhætt að treysta á. Það þarf minna en þessi ósköp til að Íslendingar finni, að þessi fámenna þjóð er líkust stórríkjum fjölskyldu sem veit að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla. Nú má enn vona, að sú mildi verði með, að eldurinn hlífi Vestmannaeyjakaupstað og höfninni þar, sem er skilyrði mannlífs í eyjunum og um leið ein af líffæðum þjóðarinnar. Um þetta er á einskis manns færi að spá. Hver veit nema Vestmannaeyngar verði aftur komnir til heimila sinna áður en langar stundir líða. Þá væri

vel, en ekki dugir annað á þessu stigi máls en að vera við öllu búinn, hött hið bezt á vonað. Og þangað til sárin eru gróin, hver sem verða kunna, er það landsmanna allra að leggja fram líðsinni sitt, í hvaða mynd sem að gagni má koma, hvers eftir sinni getu.

Eg lýk þessum ávarpsorðum með því að láta í ljós sambúg með því fólki, sem nú hefur orðið að yfirgefa hús og heimili í mikilli skyndingu, og þá von og bæn, að sú stund komi áður en varir, að aftur blómgið mannlíf í hinum fögru og frægu eyjum, því að víst mun það ekki búa Vestmannaeyngum í hug að láta undan síga fyrir þeim aðsöpmiklu nágrönnum, sem gert hafa þeim þungar búsiðjar nú um sinn.

Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, í útvarps- og sjónvarpsávarpi í gærkvöldi:

Öflugum stoðum hefur verið kippt undan efnahagsgrundvelli þjóðarbúsins

Í ávarpi, er Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra flutti til þjóðarinnar í hljóðvarpi og sjónvarpi í gærkvöldi vegna hinna skelfilegu náttúruhamfara í Vestmannaeyjum, fórust honum orð á þessa leið:

Það er áreiðanlega ekki ofmælt, að öll þjóðin sé harmi og skelfingum lostin vegna hinna óskaplegu náttúruhamfara í Vestmannaeyjum síðastliðna nótt. Mun sá válegi atburður einstæður í Íslands sögunni allt frá því byggð hófst í landinu. Einhver blómlegust byggð hérlendis, verstoðin mikla, Vestmannaeyjar, hefur um sinn að kalla lagzt í eyði sakir eldgoss á Heimaey, fólk flest flutt burt úr áttögum sínum á einu dagri. Að visu hafa göð héruð lagzt í eyði áður hér á landi, en aldrei með slíku fjölmenni.

Hér eiga Vestmannaeyngar auðvitað um sárast að binda. En öll þjóðin finnur til með þeim. Er víst að hér hefur verið snertur hjartastrengur hvers einasta Íslendingar. Hér er óneitanlega um að ræða stórkostlegt áfall þjóðarinnar allrar. Vestmannaeyngar hafa verið stærsta og öflugasta verstoð landsins. Þar mun t.d. árið 1971 hafa verið landað 17% af öllum þeim afla, sem var landað innanlands. Þar mun nú hafa verið gert ráð fyrir aðstöðu til að taka á móti 25% — 30% af væntanlegum

loðnafla, sem svo miklar vonir hafa verið bundnar við. Það þarf ekki að fjölyrða um það, hverjum stoðum er kippt undan efnahagsgrundvelli þjóðarbúsins, ef Vestmannaeyjar og atvinnulíf þar leggst í auðn. Er vandséð nú, með hverjum ráðum úr yrði bætt. Til þess aðeins að gera sér í hugarlung, hve hér er um stórvægilegan atburð að ræða, má t.d. nefna það, að flutningur 5 þúsund Vestmannaeyinga til meginlandsins mundi samsvara því að 5 milljónir Bandaríkjamanna þyrfti að flytja til með hliðstæðum hætti.

Það er mikil gíftra, að svo vel skyldi takast til um mannbjörg sem raun varð á. Þar var afrek unnið. Allir þeir aðilar, sem þar hafa átt hlut að máli, eiga þakkir skilið. Eg held, að óhætt sé að segja, að þar hafi verið valinn maður í hverju rúmi og að enginn hafi legið á líði sínu. Eg þakka þeim öllum af heilum huga. Það á ekki hvað síst við um Almannaávarnarráð. Eg held, að atburðirnir síðastliðna nótt hafi fært mönnum heim sanninn um nauðsyn þess. Sérstakar þakkir færi eg Vestmannaeyngum fyrir æbruleysi þeirra.

Við vonum auðvitað öll, að þessum skelfilegu náttúruhamförum linní sem fyrst og að þær eyðileggi hvorki byggðina né höfnina í Vest-



mannaejum. Um það getur þó enginn fullýrt á þessu stigi. En hvað sem um það er, þá er ljóst að gera verður allar ráðstafanir, sem unnt er til, að tryggja stöðu Vestmannaeyinga og bæta þeim tjón þeirra. Það er skylda samfélagsins. Þjóðin öll verður að jafna þessu tjóni á sig. Hér er um sameiginlegan vanda þjóðarinnar að ræða. Hér verður að koma til alger samábyrgð þjóðfélagsins alls. Er eigi annað sýnt, en að þjóðarheildin verði að leggja fram verulega fjármuni í þessu skygni. Eg efast eigi um, að allir Íslendingar verða fúsir til að leggja fram sinn

skerf. Þeir hafa sýnt slíkan hug þegar minna hefur legið við. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að þannig verði staðið að þessu máli. Eg er sannfærður um, að um það viðhorf verður ekki ágreiningur á milli ríkisstjórnar og þeirra flokka sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn.

Ríkisstjórnin hefur rætt þessi mál á fundum sínum í dag. Hún hefur þegar samþykkt eftirfarandi ráðstafanir:

1. Að fela Almannaávarnarráði að hafa á framstjórn á björgunarstarfi og gæzlu í Vestmannaeyjum í samráði og samvinnu við bæjarstjórn.
2. Að fela ráðuneytisstjórnunum í Félagsmálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti og Fjármálaráðuneyti í samráði við fulltrúa frá Rauða Krossi að gera ráðstafanir til að sjá um það fólk, sem reynist verða vegalaut.

3. Að hvert ráðuneyti taki til sérstakrar athugunar málefnaþætti þá, sem undir það heyrir.

4. Að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka hverjar afleiðingar þessir atburðir geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarbúsins og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum.

Þetta eru að sjálfsögðu fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar, sem hún hefur talið rétt að láta koma fram nú þegar, en hún mun halda áfram að fjalla nánar um málið í náinni samvinnu við bæjarstjórn Vestmannaeyja. Eg efast ekki um, að í þeim bjargráðum, sem hér þurfa til að koma, verði öll þjóðin einhuga, og hafi þegar rætt þetta við formenn þeirra flokka, sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn.

Eg vil leyfa mér að þakka þær kveðjur og frambodna aðstoð, sem borizt hefur frá öðrum þjóðum. Við metum mikils þann góða hug, sem í þeim felst.

Eg skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, enda er sannleikurinn sá, að maður er enn eins og háflamaður eftir þessu vælegu túbíndi og á varla orð til að lýsa tilfinningum sínum. En það veit ég, að nú eiga Íslendingar þá ósk hefnta, að á ný blómgið og dafna, að byggð í Vestmannaeyjum.

Vest- manna- eyingar koma til Þorlákshafnar



Þannig komu Eyjabátarnir einn af öðrum hlaðnir fólki til Þorlákshafnar —




Hún kemur með hundinn sinn í fanginu.




Hægri hringleið á bryggju í Þorlákshöfn, og Vestmannaeyjafólk, sem beið fars til Reykjavíkur, flykkist inn í vagninn.

Tímamyndir
G.E.

Aldraðri konu hjálpað á land í Þorlákshöfn. →



Bátarnir ultu eftir ölduslættinum við bryggjuna í Þorlákshöfn, og feður og mæður réttu börnin sín yfir borðstokkinn.



Hraungarðar

Framhald af bls. 1.

Hveragerðis, en þar hafði maður nokkur boðizt til að taka við þeim. Þá var ráðgert að koma fénu fyrir, og áhyggjur höfðu menn af framtíð hænanna.

Dauður fiskur

I gær mátti sjá, hvar dauður fiskur flaut í höfninni í Vestmannaeyjum, og hafði hann rekið þangað inn frá gossvæðinu. A tímabili rauk nokkur úr sjónum norður af eldstöðvunum, því að gosefinn þeyttust þar í hafið. Öttubust menn mjög, að ef þessu héldi áfram, myndi hlabast upp garður fyrir hafnarmynnið og jafnframt myndu vatnsleibslurnar undan Eyjafjöllum skemmast. Undir kvöldið virtist sem þessi ótti væri ástæðuminni og var hætt að rjúka úr sjónum.

Um 500 bílar

Um 500 bílar bíða nú á hafnarbakkanum í Eyjum, og voru uppi ráðagerðir um að flytja þá til lands. Munu sumir bileigendur hafa lagt á það áherzlu, og var búið að tryggja flutningsrými með vitaskipinu Arvakri og ríkiskipum. Hefjast þessir flutningar sennilega í dag.

Gífurleg flugumferð

Allt frá því gosið hófst hefur verið gífurleg flugumferð til Eyja, og munu upp undir 100 flugvélar hafa lent þar frá því gosið hófst og fram á kvöld í gær. Lendingarskilyrði voru mjög misjöfn, og t.d. kom flugvél flugmálastjórnarinnar og ætlaði að lenda, en varð að snúa við. Voru hjólin nærri komin niður á brautina, en flugmaðurinn hóf hana á loft aftur. Meðal farþega í vélinni var Hannibal Valdimarsson flugmálaráðgjafi.

Allar verzlunar lokaðar

Það hefur ekki verið um neitt hversdagslíf að ræða hér í Eyjum frá því að gosið hófst. Fyrst þustu allir niður á bryggju, og við það tæmdist bærin, og var ekki ein einasta verzlun opnuð þar í gær. Þá var og erfitt fyrir aðkomufólk og aðra að fá eitthvað til að seðja sárasta hungrið. Því var þó kipt í lag undir kvöldið, þegar opnað var sérstakt mötueyni í einu af frystihúsum bæjarins.

Öll starfsemi lá niðri í Vestmannaeyjum í gær og engum mun hafa komið til hugar að fara í vinnu, nema lögreglumönnum, sem verið hafa á stöðugum erli, og slökkvilið hefur ætíð verið með menn á verði.

Þegar gengið var um göturnar og horft á húsin tóms, fannst manni eins og maður væri „Palli einn í heiminum“.

Sum stöðvar hafði gleymt að slökkva, en allir virtust þó hafa áttad sig á að loka á eftir sér, og gluggunum einnig. Þeir, sem ekki hafa munad eftir því, mega búast við öskuhaugum inni á gólfi hjá sér, eins og reyndar mátti sjá sums staðar, þar sem gægt var inn í gær.

Mestur kraftur nyrzt í sprungunni

Að því er bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum, Magnús Magnússon, taldi í gær voru þá aðeins á Heimaey þrjú til fjögur hundruð manns. Hélt hann, að rúmlega fjögur þúsund manns hefðu verið fluttir sjóleiðina frá Eyjum, en margir voru einnig fluttir með flugvélum.

I gærkvöldi var mestur kraftur nyrztá hluta gossprungunnar, og þá mátti sjá hverja reykbombuna af annarri springa, og fylgdi þeim mikill reyk og gufumekkir.

Þá rann ekkert hraun í sjó fram norður úr sprungunni, en erfitt er að gera sér grein fyrir, hvort stöðugt hraunrennsli er austur af eyinni, en það er þó líklegt. Þar liggur yfir gosmökkur mikill, og er ekki einu sinni hægt að kanna það svæði úr flugvél. Gífurlegir gosholar hafa hlabizt upp í kringum gígana og segja kunnugir, að landslagið hafi tekið miklum stakkaskiptum. Þar sem áður var



Áður fisktröunurnar og logaslurnar frá eldstöðvunum í baksýn —

Timamyndir: Gunnar.

sléttlendi eru nú hólar og hæðir. Um sjötíu metrum fyrir austan Kirkjubæ hefur hlabizt upp mikill hryggur og má búast við, að fólkinu þar þyki útsýnið hafa tekið stakkaskiptum, ef það á eftir að setjast þar aftur.

Hraungarðar verja kaupstaðinn

I gærmorgun óttust menn mjög, að hraunið tæki að renna í vestrútt í stefnu á kaupstaðinn og á tímabili var það líka svo. Ekkert bar þó á þessu, er líða tók á daginn, en Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur varaði við mikilli bjartsýni í þessu efni. Hann segir, að það gerist oft, að hraun taki að renna í gagnstæða átt yfir gosbólstra, er gos hefur staðið nokkurn tíma. Ef svo færi nú, yrðu Kirkjubæjarhúsin í bráðri hættu.

EKKI URÐU fréttamenn Timans varir við mikinn ferðamannastraum til Eyja, enda flugveður ekki sem bezt. Þeir, sem einkum lögðu þangað leið sína, voru jarðfræðingur og áhugamenn um jarðfræði. Þá eru nokkrir blaða-

menn í eyinni á stöðugum þeytingi milli staða með aðstoð góðhjartaðra Vestmannaeyinga, en fáir bílar eru í umferð þar, þótt margir bíði á hafnarbakkanum.

Vitaskipið Arvakur, sem er undir stjórn Landhelgisgæzlunnar, lagðist hér að bryggju um kl. fjögur í dag, en varðskipið Ægir hefur lónað fyrir utan gosstaðinn mestan hluta dagsins. Einnig var annað varðskip um tíma á siglingu í kringum eyjarnar. Þá hefur Herjólfur verið á siglingu hér í dag, er hann átti að fara frá Eyjum í gærkvöldi. Laxtoss, skip Eimskipafélagsins, lá um tíma undan Eibisnöt, reidubúinn að taka við fólk, ef með þyrfti. Margir fiskibátar úr Eyjum hafa komið til baka, ef útgerðarmenn munu margir hverjir hafa í hyggju að fara héðan fljótleiga aftur og halda til verstöva á Suðvesturlandi. Þá er töluvert af bátum hér í slipp og verður þeim rennt niður við fyrsta tækifæri og þeim siglt til fyrsta á suðvestanlands. Vélgæslum eru enn í frystihúsum og halda frosti á vélunum. En að öðru leyti er engin starfsemi í gangi í þessum mikla athafnabæ.

Ekki gert ráð fyrir gosi í Heimaey

ÞÓ—Reykjavík.

Það hefur verið annrkt hjá Almannavarnarráði ríkisins, allt frá því að eldgosíð á Heimaey hófst í fyrrinótt klukkan 02. Almannavarnarráðið hefur haft aðsetur sitt í kjallara nýju lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu. En í kjallaranum á lögreglustöðinni er sérstaklega útbúið loftvarnarbyrgi, sem er svo rammlegt, að geislavirkni sleppur ekki þar inn.

Við litum inn til Almannavarnaráðs í gær, og náðum rétt snöggvast tali af Pétri Sigurðssyni, formanni ráðsins, en hann var á sífelldum þónum á milli ráðstefnuherbergis ráðsins og stjórnmiðstöðvarinnar. Pétur sagði, að sér hefði verið tilkynnt um gosíð strax og það hófst og hefði ráðið strax sett sig í samband við hina ýmsu aðila. Var strax gripið til almennra varnar-

áðgerða, og flutningur á fólkinu undirbúinn. Flutningurinn hefði gengið mjög vel, eins og öllum væri kunnugt um.

Pétur sagði, að þeir hefðu ekki gert ráð fyrir gosi á sjálfri Heimaey, en hinsvegar hafði ráðið gert ráð fyrir gosi á Vestmannaeyjasvæðinu og þá í kringum Surtsey.

Að lokum sagði Pétur, að þeir í nefndinni hefðu átt mjög ánægjulegt samstarf við alla aðila bæði á láði og legi, og væir það mikil ánægja fyrir ráðið það góða samstarf, sem hefði tekizt við almenning.

Ríkisstjórn Íslands fól Almannavarnaráði í gær að sjá um stjórn Vestmannaeyja í gær í samvinnu við bæjarstjórn Vestmannaeyja.



Kirkjubæjarhúsin eru næst eldunum og í mestri hættu en hraunflóðið brýzt til þeirrar áttar.

Timamyndir: Gunnar

Saltfiskur fyrir 60 milljónir kr. í Eyjum

ÞÓ—Reykjavík.

Bráðabirgðatölur, sem Samband íslenskra fiskframléiðenda hefur fengið, sýna að 600 tonn af þurrkuðum saltfiski eru í Vestmannaeyjum. Tómas Þorvaldsson, form. S.I.F. sagði í gærkvöldi að verðmæti fiskisins væri 50-60 milljónir króna, og væri nú verið að gera ráðstafanir til að nálgast fiskinn til Eyja. Þá mun vera þó nokkuð af söltuðum úfsalökum í Vestmannaeyjum og sömuleiðis blautfiski.

Verið var að athuga með að fá skip frá Eimskipafélagi Íslands til að ná í fiskinn.


Timinn er peningar Auglýsid í Timanum

ÞEIR ÆÐRAST EKKI EN ÁHYGGJURNAR ERU MIKLAR UNDIR NIÐRI

Stp—JGK—Reykjavík

Það var brugðið skjótt við, þegar ljóst var, hvað var að gerast í Vestmannaeyjum og þegar eyjaskeggjar komu til borgarinnar, var mikill viðbúnaður til að taka sem best á móti þeim. M.a. voru nokkrir skólar rýmdir og komið þar fyrir dýnum og annarri aðstöðu fyrir fólkið, sem var eins og gefur að skilja örþreytt eftir atburði næturinnar. Þar var fólkinu gefinn matur og drykkur og lækniþjónusta var þar til reiðu. Það er óhætt að fullryða, að á þennan hátt hafi verið tekið á móti milli tvö til þrjú þúsund manns. Blaðamenn Timans litu við í nokkrum skólum og tóku menn tali.

Þegar okkur bar að garði við Austurbæjarskólann um kl. hálf tvö í gær, höfðu komið þangað 10-12 rútur með fólk, þannig að gera



Einar Guðnason

há ród fyrir, að þar hafi komið samtals í kringum fjögur hundruð manns. Starfsfólkið, sem tók á móti Vestmannaeyingunum, rómabí mjög stillingu þeirra, og sagði varla heyrast æðruorð frá nokkrum manni. Við tókum tali Einar Guðnason skurðgröfustjóra, þar sem hann var að taka saman föggur sínar í anddyrinu, og bjóst til að halda út í bæ. Einar sagðist hafa komið með fjölskyldu sína með Vestmannaeyjabátinum Óðlingi. Allar eigur fjölskyldunnar urðu að sjálfsgöngu eftir í eyinni utan það, sem handhægast var að grípa með sér. „Maður vonast bara til að komast til Eyja sem fyrst aftur,“ sagði hann að lokum.

Fjólá Guðmannsdóttir sat fremur hnípin ásamt fjögurra ára syni sínum í einni kennslustofu Austurbæjarskólans, er fréttamann Timans bar þar að. Hún ásamt eiginmanni sínum og fjórum börnum, sem eru á aldrinum 4 til 13 ára, komu til Reykjavíkur um klukkan 10 í gærmorgun, en höfðu lagt af stað frá Eyjum kl. 4 um nóttina með nótabátinum Ísleifi.

— Hvernig varð þér við Fjólá, er þú varðst gossins vör?

— Mér brá mjög og raunar okkur öllum. Eg hafði verið á fót-



Fjólá Guðmannsdóttir ásamt syni sínum, Inðriða Helga, fjögurra ára, í Austurbæjarskólann í gær. (Timamynd: Róbert)

um, eitthvað að dunda og varð þá lítið út um gluggan af hendingu og sá þá eldglæringarnar. Það var mikið reibarslag.

— Er heimili ykkar í Eyjum nálægt eldstöðvunum, eins og þær eru nú, þannig að það sé í brádrí hættu?


— Íbúðin okkar er í þriggja íbúða húsi á Landagötu 11, sem er í austurbænum og ekki langt frá eldstöðvunum. Eg vona, að hún sé ekki í mikilli hættu eins og er, en þegar við yfirgáfum hana hafði þá strax fallið allmikilið af ösku á bakid og tröppurnar.

— Og þið hafið eins og allir skilið allar eigur ykkar eftir?

— Já, við komum aðeins með þau fót, sem við stöndum í. En maðurinn minn, Einar Inðriðason, sem er háseti um borð í Ísleifi, ætlar að reyna að fara heim í dag og sækja rúmföt og fleiri nauðsynjar.

— Hvernig tóku börnin þessu? — Þeim fannst gaman að þessu, eða fannst það alla vega spennandi, en yfirleitt voru allir mjög rólegir, og skipulagið var mjög gott.

— Og þið ætlið auðvitað heim aftur? — Já alveg örugglega — sem allra fyrst. En því miður höfum við ekkert frændfólk hér, sem við getum snúið okkur til um húskajól. En Fjólá hafði vart sleppt orðinu, er einhver bar að, sem sagði, að maður að nafni Einar Jónsson ætlaði að láta fjölskyldunni í té húskajól.



Armann Bjarnason í Sjómannaskólann

Armann Bjarnason, Laufholti, Hásteinsvegi 18, Vestm., kom ásamt eigin konu sinni um hálf tölfléttid í gær til Reykjavíkur, með Vigna. Blaðamaður hitti hann að máli í Sjómannaskólannum í gær, þar sem þau hjón dvöldu þá. Hann taldi ástandið í Eyjum anzi óálitlegt og væri mik-

— Hvað mig sjálfan snertir, sagði Bjarni, er ástandið ekki glæsilegt. Eg er um þessar mundir að kaupa fjögurra sæta flugvél, en ég átti áður tveggja sæta flugvél, sem ég seldi í september. Eg hafði ætlað mér að skella mér beint út í flugið milli lands og Eyja, en nú er ekki alitlegt með þann „bisnis,“ að minnsta kosti ekki í bráð. Þetta er dýrt fyrirtæki, og ég er ekki viss um, að bankarnir vilji eins og stendur taka hús mitt gilt sem veð fyrir láni.

Bjarni sagðist ekki hafa viljað fara frá eyinni — sér hefði fundið það óþarfi. Sjálfur er hann fæddur og uppalinn í Eyjum, en kona hans er frá Höfi í Oræfum. Þau eiga fjögur börn, það yngsta fjögurra ára, tvö nokkru eldri og í barnaskóla, en elsti strákurinn nemur í vetur við MH. Bjarni á möður hér í bænum og kona hans þrjár systur, svo þau mun ekki skorta húskajól, meðan þau dvelja hér.

Varandi skólalærdóm barnanna hér sagði Bjarni, að vafalaust yrðu einhver ráð með það. Ef ekki kæmi annað til, myndu þeir feggar reyna að klóra sig áfram sjálfir í gagnfræðanámnu, en Bjarni er sjálfur að læra til gangfræðaprófs.


Enn um úterðina, Bjarni. — Hættulegasta áttin er súbaustan. Með henni gæti borizt aska og eitrad loft yfir fiskverkunarhúsin, og þá verður ekki mikið hægt að gera í fiski. Þótt garður myndabist fyrir höfnina, mætti líklega rjúfa hann, en úti er um allt, ef höfnina fyllti, sagði Bjarni að lokum.

Í Melaskólannum hittum við fyrir Guðjón Stefánsson trésmið. Hann sagði, að hann hefði ekki verið genginn til náða, þegar gosið hófst og því hefði hann fylgt með þessu frá byrjun. Guðjón sagði, að þegar gosið hófst, hafi heyrzt geysilegur dyknur og jörðin hefði nótrað. Þetta var um eittleitið.

„Eg og mín fjölskylda komum til lands með flugvél í morgun,“ bætir Guðjón við. „Að sjálfsgöngu er öll okkar búslöð eftir, það var ekki hægt að taka annað með en það allra nauðsynlegasta.“

Það er öruggt mál, að það eru geysileg verðmæti í eyjunni. Til dæmis er mikið magn af fiski í frystihúsinu. Svo eru eitthvað um þúsund bílar í eyinni, þeim hefur öllum verið lagt kyrfilega niðri við höfn, og maður verður að vona, að eigendurnir geti vitjað þeirra þar bráðlega.

Það er ofurlítið af skepnum í eyinni, og ég veit, hver hafa orðið aðdrif kindanna. En þar sem gosið byrjaði, var aðal hestahagi eyjaskeggja, og þar voru hestar á



Guðjón Stefánsson

beit og það er álitnið að einn hestur hafi lent í gígnum. Kúabú er í Kirkjubæ, en hvað verður um kýrnar veit ég ekki? En að þessum orðum tölubum, heyrum við útvarpið greina frá því, að verið sé að lóga kúnum á bryggjunni í Eyjum, og þar með er kúabúskapur þar úr sögunni í bili.

„Það er mikið lán í öllu ólaninu,“ sagði Guðjón hittast á, að landlega var þegar ósköpin dundu yfir, og því margir bátar til taks. Eins, og veðrið skyldi vera gott, sem raun ber vitnið, og flugvöllurinn því opin,“ sagði Guðjón að lokum. Næst ræddum við við nokkra stráka.

— Þið reynið að hafa ofan af fyrir ykkur sýnist mér.

— Já, við höfum verið að leika okkur í kring og svo höfum við líka farið í dálitla göngutúra og svoleiðis.

— Þið hljótið að vera fótbolta-garpar strákar. Hvað nú, ef völlu-urinn ykkar fer undir hraun?

— Þá yrði það nú svart maður, og svo eyðileggt kannski húsið hans þabba líka....

— Hve lengi getið þið hugsað ykkur að vera hér?

— Þetta er ágæt herna. Allt í lagi að vera hér í mánuð — ja, nei, kannski ekki alveg svo lengi, — segja þeir félagarnir Baldur Ingi, Sigurbjörn og Kristinn Sveinn og stilla sér broandi upp fyrir ljósmyndarann. En einhver veginn liggur í loftinu, að kæti þeirra sé ekki alveg eins ekta, og þeir vilja vera láta.

— Þetta er alveg örurlegt ástand. Við eigum allt heima, húsið og allt. En við erum þó svo heppin að búa í vesturbænum, þar sem hættan er minni, — segir



Bjarni Jónsson og Jónunn Bergsdóttir ásamt börnum sínum í Hamrahlíðarskólann (Timamyndir: Róbert)



Baldur Ingi, Sigurbjörn og Kristinn Sveinn við Melaskólann í gær.

(Tímamyndir Róbert)


Herdís Tegeder, þar sem hún sat ásamt eiginmanni sínum, **Adolf Sigurjónssyni** vörubílstjóra, og börnun þeirra þremur í Melaskólanum. Þau eiga heima að Hrauntúni 13, Vestm. og voru vakinn um klukkan tvö á þriðjudagsnóttina og sagt að fara strax af stað með bát til lands — því gos væri hæfið á Heimaey. Það má vera slæm martröð, sem hefði jafnast á við það, að vakna upp við þessi tíðindi.

— Hvarflaði það aldrei að Eyjabúum eftir Surtseyjargosið, að gos gæti eins orðið hjá ykkur?

— Ekki held ég það. Heyrði aldrei á það minnst, segir Adolf. En sem sagt, þetta hefur orðið að veruleika, en ég er ekki svo mjög svartsýnn á ástandið. Vonandi getum við komist aftur heim eftir tvo- þrjá daga.

— Mér finnst þetta alveg hörmulegt, segir Herdís, og ég þykist viss um, að margir séu mjög svartsýnir, þótt allir séu furðu rólegir.

— Eigðið þið kunningja eða ætt- ingja hér í bænum?



Adolf Sigurjónsson


— Já, já, og við fáum húsaskjól hjá þeim strax í dag. Það er verst þetta með allsleysið. Við komum ekki með neina peninga eða neitt. Slíkur var flýtirinn og ofboðið hjá manni.

Adolf er rólegur og ærulaus,



Herdís Tegeder í Melaskólanum

gerir jafnvel smágyss að öllu saman. En undir niðri er hann samt greinilega allahyggjufullur. Herdís virðist öllu svartsýnni en eiginmaðurinn, en börnin taka atburðinum eins og ekkert sé og brosa bara framan í ljósmyndarann.



Hann er orðinn syfjaður þessi litli snábi, þar sem hann situr og er að skoða Vestmannaeyjar á landkortinu. Vonandi kemst hann heim til sín áður en langt um líður.



Ahyggjulaus börn frá Vestmannaeyjum að leik í Melaskólanum í gær. Nei, þau eru ekki áhyggjufull — aðeins dálítið hissa á „ljósmyndaranum“ með skeggjö og blossann“.

Engin starfsemi Framhald af bls. 24

Því. Stefna sprungunnar er það- beint á Heklu, og ef hraunflóði heldur áfram, sem það gerir nú, þá snertir það Yztaklett og þá er illa farið, því þá er höfnin lokað.

Þess má að lokum geta, að Einar var á förum til Vestmanna- eyja, þegar við töluðum við hann, og ætlaði hann sjóleiðina.

Varla búinn að átta sig á hlutunum.

Kristján Ragnarsson, formaður Landsambands íslenskra út- vegsmanna, sagði, er við spurðum hann út í þann mikla vanda er kynni að skapast. Sem betur fer þá er bátaflotinn í Vestmannaeyjum laus og maður verður að vona ef til kemur, að hægt verði að reka bátana frá öðrum verstöðvum, þetta fer að sjálfsgöðu mikið eftir afsetningarmöguleikum.

Ég sé ekki annað ráð, en það verði að lengja vinnutímann í frystihúsum hér á Suðvestur- landi, og þá verður líka að gera ráð fyrir, að hluti þess fólks, sem ef til vill þyrfti að setjast að hér á meginlandinu, ynni í húsunum. — annars veit ég ekki enn, hvað til bragðs skal taka.

— Við verðum að hugsa út í það, sagði Kristján, að á vetrar- vertíð er landað allt að 40 þúsund tonnum af bolfiski í Vestmannaeyjum og þar fór þriðjungur lönungansins í land í fyrri! Afsetning á löbnu getur orðið gifurlegt vandamál, en hvað hagkvæmast er að gera í þeim málum, veit ég ekki.

Kristján sagði, að eskilegast væri, að bátar frá Vest- mannaeyjum lönduðu í Grindavík og Þorlákshöfn, þar sem sjómenn í Eyjum þekktu veiði- svæðið austan Reykjanes- miklið betur en önnur. Það væri bara sá hængur á, að hafnirnar í Þorlákshöfn og Grindavík væru alltof litlar, og yrði ákaf- lega erfitt að fjölga bátum þar til muna.

Að lokum sagði Kristján, að vinnsla á fiski og löbnu væri

Flugmaðurinn talinn af

Klþ—Reykjavík.

Eins og sagt var frá í blaðinu í gær, hrapaði orustubóta frá varnar- liðinu á Keflavíkurflug- velli í sjóinn, skömmu áður en hún átti að lenda á Keflavíkurflugvelli í fyrrakvöld.

Voru mörg skip og flugvélar á leitarsvæðinu í fyrrinótt. Þegar hjálparbeiðnin barst frá Vest- mannaeyjum, en þá fóru vélar varnarliðsins þegar til aðstoðar við að flytja fólk úr Eyjum til lands.

Við birtingu í gær voru vélnarar aftur komnar á loft og könnuðu svæðið, þar sem talið var að flug- vélin hefði hrapað, en þá voru þar

mjög óskyld. Fiskvinnslan þyrfti mikinn mannafla, en löbuvinnslan þyrfti mjög fátt fólk. Því væri það ekki óhugs- andi, að hægt yrði að bræða löbnu í Eyjum í vetur. — Hitt er svo annað mál, sagði Kristján, við verðum að bíða og vona, að Eyjarnar geti blómstrað áfram, og um leið að gera okkur grein fyrir ástandinu, en maður er tæpast búinn að átta sig á því.

Þórarinn Arnason, skrifstofu- stjóri hjá Fiskifélagi Íslands, sagði, að hann væri var búinn að átta sig á ástandinu. En þegar í stað þyrfti að skipa nefnd, sem færi með þessu máli, og þessi nefnd þyrfti að hafa alræðisvald. — Það er ekkert gamanmál, sagði Þórarinn, að þurfa að bæta við 90 bátum í hafnir á Faxafla- svæðinu.

— Það má vel hugsa sér, að beina togaralöndunum frá höfnum við Reykjanes og Faxa- flóa til hafna úti á landi og í þess stað taka á móti afla Eyjabóta. Hér mega ekki eiga sér stað nein vettlingatök, sagði Þórarinn að lokum, því við megum ekki við því að missa gjaldyrstekjur, og allir þurfa vinnu.

fyrir nokkrir bátar, sem verið höfðu þar alla nóttina. Skömmu áður höfðu þær frettir borizt frá vélskipinu Ólafi Bjarnasyni frá Akranesi, að skipverjar hefðu fundið brak í sjónum um 12 sjö- mílur vest-norðvestur af Skipa- skaga. Tilkynntu þeir, að þeir hefðu m.a. fundið plastpoka með kortum og öðru, sem sýnilega væri úr vélinni, og auk þess flug- maðurinn talinn af.

Í gærdeg fannst svo gumbátur á reki skammt frá þeim stað, sem hinir fyrrnefndu hlutir fundust, og kom í ljós, að báturinn hafði ekki verið notaður. Í gærkveldi var svo allri leit hætt, og flug- maðurinn talinn af.

Vitað er nokkurn veginn, hvar flugvélin, sem var af gerðinni F-102, liggur á hafsbötni, en hún mun vera á um 20 fæða dýpi. Mun verða gerð tilraun, til að reyna að ná vélinni í land og rannsaka hver orsök slyssins hafi verið.

„Svona á að telja fram til skatts“ gefin út aftur — ágóðinn til Eyja

Þó—Reykjavík. Eins og kunnugt er gáfu Leiðbeiningar h.f. út bæklinginn „Svona á að telja fram til skatts“ fyrir stuttu. Var bæklingurinn gefinn út í 3000 eintökum og seldist hann mjög vel. Nú hefur eigandi Leiðbeininga h.f. ákveðið að gefa bæklinginn út aftur og allur ágóði af sölu hans rennur til Vestmanna- eyinga. Sigurbur Jónsson framkvæmdastjóri Leið- beininga sagði í gær, að gefin yrðu út 10 þúsund eintök í þetta skiptið, og að allir kostnaðarreikningar við út- gáfunu yrðu síðan sendir blöðunum.

Viðgerðarskip Norræna ritsímafélagsins á leiðinni

— sprungustefnan ógnar línunni ekki enn

Stp—Reykjavík.

Vestmannaeyjagosið hefur auk annars sett ritsímalfurnar, sem liggja um Vestmannaeyjar og tengja Ísland við Ameríku, í nokkra hættu. Þó virðist sprungu- stefnan ekki ógna línunum til- takanlega. Til að vera við öllu búið hefur Norræna ritsíma- félagið sent línulagningar- og við- gerðarskip sitt Northern af stað hingað til lands og er það vanta- legt til Vestmannaeyja á morgun.

Við höfum samband við Sigurbur Þorkelsson forstjóðum ann tæknideildar ritsímans í gær- kvöldi og spurðum hann nánar út í þessar ráðstafanir. Sagði hann, að hér væri um að ræða tverr út- hafslínur, annars vegar hina svokölluðu Scotice — línu, sem liggur frá Vestmannaeyjum um Fær- eyjar til Skotlands og hins vegar

Icelandlínuna, sem liggur um Fredeksdal á suðurodda Græn- lands til Nýfundalands. Bábar þessar línur hefur norræna rit- símafélagið lagt. Sagði Sigurbur, að eins og sprungustefna gos- stöðvanna í Vestmannaeyjum væri nú, væri ekki sérstök ástæða til að óttast um línurnar, en allur væri varinn góður.

Einnig mun skipið vera til taks til að gera við landlínurnar frá þeim stað, þar sem úthafs- línurnar koma í land og upp að radió-stöðinni í Eyjum. Þá mun það hafa eftirlit með radió-stöð- inni í Eyjum og stöðinni á Snaðelli, sem er suður af Helga- felli. Að sögn Sigurbur eru línurnar milli lands og eyja ekki notaðar lengur, en liggja þó enn á sínum stað á botninum, heldur er radio-samband við land.

Eru náttúruöflin að kenna okkur að standa saman?

— Frásögn Stefáns Jasonarsonar í Vorsabæ af atburðum fyrri nætur og flutningi Eyjamanna

Stefán Jasonarson í Vorsabæ, sem er einn af fréttariturum Tímans, var gestkomandi í Vestmannaeyjum, þegar ósköpin í fyrri nótt dundu yfir. Að sjálfsgöðu varð hann að hlíta sömu ör-lögum og Eyjabúar að vera fluttur brott þegar í stað og fylgja í einu og öllu þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru af hendi Almannaavarna, og öllum virðist bera saman um, að hafi verið leystar nær óaðfinnanlega af hendi. Er frásögn Stefáns af atburðum svohljóðandi:

stæðinn og voru að bjarga þeim inn í fiskgeymsluhus. Því nær sem dregur höfninni, þéttist umferðarstraumurinn. Bátarnir liggja þar í tugatali, og allt er að fyllast af fólki. Þar mátti vitanlega sjá ýmsa aldursflokka, allt frá hvítvoðungum og upp í aldrhugin gamalmenni. Sumir komu með kornabörn vafin innan í teppi og þeir forsjaustu höfuð komið með eitthvað af sængurfötum með sér, og smávægis dót, en það gefur auga leið, að það var fátúm glæbleg andlit í þessum hópi, sem þarna var staddur við hafnargarþana. Fólkidið varð að fara fyrirvaralaust um miðja nótt frá öllum sinum eignum, og halda út á hafid og óvissuna.

Í bakgrunni við þetta allt var svo hið ógnvekjandi náttúruundur, eldgosid, sem færstur hafa séð, og örugglega engir, sem þarna voru, í jafnmikilli nálægð við mannabústaði, eins og raun þar vitni þarna á Heimaey.

Um kl. 4 hélt báturinn Sólborg frá Þorlákshöfn út úr höfninni, en ég var þar um borð. Þá opnaðist ný sýn til eldstöðvanna, og er það ólýsanleg og eftirminnileg sjón.

Bátarnir streymdu út úr höfninni og það var eins og uppljómad borgarhverfi, sem leið vestur yfir hafliðinn. Þegar ég leit til baka vestan af hafinu, var það stórkostleg sýn að sjá Heimaklett, klifið, og hin fjöllin á Heimaey. Um miðja þessa mynd var þjáarsvæðið uppljómad af götuljósum, en baktjaldid á þessu stóra leiksviði var eldgosid, með eldturnar til himins og eimyrjuna og reymkökkinn yfir öllu saman.

Þerðin til Þorlákshafnar gekk ágætlega. Skipverjar voru boðnir og þúnir að lána skjólföt og kojur sínar og alls konar tilát og poka til afnota fyrir þá, sem sjóveikir voru. Þarna var fólk á öllum aldri og reynt að hlúa að öllum eins og mögulegt var. Allir komust heilir til hafnar, og kl. hálf átta erum við lögt að bryggju í Þorlákshöfn.

Þar var margt um manninn. Tveir bátar voru komnir að landi og þúnir að afferma fólkid. Þeir fóru svo um hæl aftur að sækja meira fólk. Þarna voru svo ætlanarþillar og stratsvagnar í löngum röðum, og lögreglan skipulagdi ferð fólksins frá borði í bílana. Þó að ég teldist eiga heima í Flóanum og vera strandaglópur, sem ekki byrfti að fara vestur yfir heiði, þá var ekki um að tala. Ég varð að fylgjast með straumnum, og hlíta þeim skyldum og skirtinum, sem allir urðu að útyllia.

Þegar kom í Arbæjarhverfi, var þar fyrir lögregla, sem at-hugsaði og fyrirskipaði, hvert fólkid skyldi fara. Því fólkid, sem var í bíl með mér, var bent á Melaskólann, þar sem ótal hendur voru á lofti til hjálpar og leiðbeiningar. Þar var okkur líka gefið kaffi og þótti flestum gott að taka úr sér hrollinn eftir sjóvolkið.

Þannig gekk þetta svo áfram, þarna var allt skipulagt, og fólkid var sent heim til vana og kunningja. Bílarnir komu fullstær, og sjálfboðaliðar öku því af staðnum eftir veitta aðstoð þar.

„Þetta gekk með undra-verðum hraða og hagkvæmni, og það sýnir einmitt, að þegar Íslendingar hætta að rífast og sameinast að settu marki, þá er hægt að gera stóra hluti, og það sýnir, hvað veröldin gæfi verið miklu betri en raun ber vintu, aðeins ef fólkid bæri gæfu til að standa betur saman en oft vill verða. En kannski þurfum við áminningu frá náttúruöflunum til að kenna okkur betri mannsiði.“

ErI.

Séð undan Eyjafjöllum

— eru á sömu sprungulínunni

Stp—Reykjavík.
— Við sáum þetta ákaflega vel í morgun. Heðan frá tüninu sást eldsbjarninn mjög vel og á löngu svæði. Hann klofnaði við Bjarnarey og upp komu eldströkar öðru hverju mjög greinilegir sagði Jón R. Hjalmarsson, skólastjóri á Skógum undir Eyjafjöllum, í viðtali við Tímann um hádegisbilið í gær.
— Urðuð þið varir við eldsum-brotin snemma? —
Nei, það var ekki fyrr en upp úr sjó.
— Dró eitthvað úr skyggninu, er á leið morguninn? —
Það sást ekki eins vel til gossins eftir að birti, enda versnaði skyggnið þá líka, en meðan dimmt var, svona milli kl. 7 og 9 í morgun, sást gosid mjög greinilega.
— Hvernig lítur þetta úr frá ykkur séð miðað við Surtseyjargosið?
— Þetta sést ósköp svipað, en fara verður nokkuð austur til

á sjá það heldur en þá, þar sem Surtseyjargosið var miklu sunnar.
— Þið hafi vantanlega einnig heyrt til hamfaranna?
— Já, drunurnar heyrðust mjög greinilega. Þetta var heldur draugaleg „musik“ svona í morgunsárið, enda var framan af kyrrt verði.
— Kom þetta ykkur ekki á óvart?
— Jú, það kom mjög á óvart, þar sem svo stutt er milli Surtseyjargosið var. En Vestmannaeyjar eru á sprungulínunni, svo að ekki var ótrúlegt, að þetta kynni að gerast einhvern tíma.
— Eyjafjallasvæðið er einnig á sömu línunni, ekki satt, svo að þið getið ef til vill átt von á því að fá svipuð ósköp yfir ykkur, þótt síðar verði?
— Það er rétt, við erum á sömu línunni, en vonandi eignum við þrátt fyrir það aldrei eftir að upplifa annað eins hér.

Vestmannaeyjar á liðinni tíð

Saga Vestmannaeyja er litrík. Þar hefst einn fyrsti kapituli Íslandssögunnar, er Ingólfur Arnarson fór að þrælunum, er vegið höfðu Hjörleif, fóstbróður hans. Þar hefur áreiðanlega mjög snemma verið veiðistöð mikil, bæði sjórinn og björgin gefið mikið í aðra hönd. Eitt sinn var í ráði að stofna þar klaustur, sem á efa hefði orðið auðugt og áhrifamikil, og fljótt náði konungur eignarhaldi á Vestmannaeyjum.

Mörg tímindi gerðust í Eyjum, sem hér verða ekki rakið, rán og róstur, svo sem verða vill, þar sem um það er barizt, sem fé-mætt er, en til mestra tíðinda dró árið 1627, er Tyrkjaránið var, og hafa síðan ekki orðið jafnhrikalegir atburðir í Vestmannaeyjum, þar til í fyrri nótt.

Um íbúatölu í Vestmannaeyjum fyrr á öldum er fátúknungt, en árið 1703 voru þar skráðir 318 íbúar. Þegar á öldina leið, fækkaði fólk til muna, og um 1800 voru þar aðeins 173 íbúar.

Síðan var talan þessi:

1840	354.	1920	2426.
1860	499.	1935	3510.
1880	557.	1947	3478.
1901	607.	1971	5231.



Einar H. Einarsson, bóndi og sjálfmenntaður jarðskjálftafræðingur á Skammadalshóli.

Var hægt að segja fyrir um gosið í Heimaey? — kerfi smáskjálftamæla ætti að geta sagt mjög nákvæmlega til um slíkar náttúruhamfarir

ErI—Reykjavík
Ekkí er mönnum grunlaust um að hægt hefði verið að segja fyrir um gosið í Heimaey, ef reynsla hefði verið komin á mæla, sem eru á tveim stöðum á Suðurlandi, og eru svo nákvæmir að þeir segja til um minnstu jarðhræringar og mæla fjarlægðina mjög nákvæmlega. Sá galli er á þessu, að mælarnir eru aðeins tveir og koma því í hverju tilfelli tveir staðir til greina sem upptakastadir. Ef þriðji mælirinn bættist í hópinn gæti hann veitt fullnaðarstaðfestingu á upptakastað jarðskjálfta.

Bláðið sneri sér í gær til Einarssonar, bónda á Skammadalshóli í Myrdal, en hann er sjálfmenntaður vísinda-

maður um jarðeðlisfræðileg efni, og er umsjónarmaður annars þessa mælis. Sagðist Einarí svo frá:

—Undanfarið hefur ríkt mikil kyrrð á svæðinu, og fárra skjálfta orðið vart, en svo í fyrirkvöld kl. 20.19.50, kom töluverður kippur á mælirinn, sem sýndi vegalengd, sem gat verið í boganum, rétt vestan við Vestmannaeyjar. Svo þegar leið á kvöldið fór kippunum að fjölga, og það voru ritandi kippir alla nóttina og fram til kl. 9 í gærmorgun, (þ.e. mánudagsmorgun). Á þessu tímabili hafa komið a.m.k. 250 kippir, sem mælirinn skráði. Þetta voru smáskjálftar, svo vægir, að þeir hafa sennilega ekki einu sinni fundizt í Eyjum en slíkir smáskjálftar eru oft fyrirbódi einhverra stærri tíðinda. Á mánudaginn var svo fremur kyrrt, þangað til seint um kvöldið, að hræringar fóru aftur að verða vart, og þá fór maður nu að fá slæman grun, um að eitthvað færi að gerast.

Gallinn við þetta er sá, að of fáir mælar voru í gangi, en það er allt of lítið gert af því, að hafa siritandi mæla á þessu jarðskjálftasvæði. Ef 3-4 mælar hefðu verið í gangi hér sunnanlands, hefði verið hægt að staðsetja hræringarnar mjög nákvæmlega.

Hinn mælirinn, sem ég talaði um er á Laugarvatni hjá Þóri Olafssyni kennara. Við töðnum saman strax á mánudagsmorguninn og vorum báðir hræddir um að þetta kynnu að vera undanfari stærri tíðinda, en þegar mælarnir eru aðeins tveir koma tveir staðir til greina, skurðpunktar fjarlægðalinnanna frá báðum stöðum. Skurðpunktar okkar Þóris voru rétt norðvestan við sunnanverða Eldgjöf og svo um Vestmannaeyjar. Ég átti þó síður von á tíðindum þar en á svæðinu austur af Torfajökli og umhverfis Eldgjöf, m.a. vegna þess, að svo skammt er líðið frá Surtseyjargosinu.

Við létum svo vita af þessu,

töðnum við Sveinbjörn Björnsson, og Guðna Agústsson á Loranstöðinni í Vik, sem hefur gætt Kötulmælisins, sem reyndar er í lamasesni núna og í viðgerð í Reykjavík, fylgdist með þessu hjá mér og hafði samband við Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðing sem taldi þá að þessara skjálfta hefði ekki orðið vart á mælum veðurstofunnar, en hann sagði síðar, að hann hefði fengið einn kipp hvora nótt.

Ég get ekki sagt til um styrkleika þessara kippa, þetta dofnar allt á leiðinni og vegalengdin ræður miklu þar um, en þetta voru allt smávægilegir kippir, varla meira en 1-2 stíg á Richter kvarða. Fyrstu kippirnir, sem vart varð, sýna ofurlitlið meiri fjarlægð frá mælunum en maður reiknaði með, en það er vegna þess, að þeir byrja svo djúpt niðri. Svo fara þeir sig upp eftir og koma fram í meiri nálægð, og síbustu kippirnir virðast mun nær, en það er vegna þess að þeir

eru þá komnir upp undir yfirborð.

Eyjrabúar fundu aðeins einn kipp, á mánudagskvöld kl. 22, en sá kippur kom ekki fram hjá okkur Þóri. Hann hefur sennilega verið aðeins á yfirborðinu, og þá berast hræringarnar ver.

Mælirinn er ég búinn að hafa hér hjá mér frá því í fyrravetur, nema smá tíma í sumar, en það er óhætt að segja að þessi reynsla hafi verið honum góð, og ætti að hafa sannað ágæti hans og þá nauðsyn, sem er að koma upp kerfi slíkra mæla um allt land. Þessir mælar, sem eru hjá okkur Þóri, voru settir upp á vegum Lamord háskola í Kaliforníu. Þetta er dýr tæki, en ef gildi þeirra er slíkt, sem nú virðist komið fram, hlýtur að margborga sig að setja þá víðar upp því að það er líka dýrt, að missa mannslið og eignir í náttúruhamföllum sem þessu eldgosu.

Hræringarnar á mánudags-

Tíminn

Utgefandi: Framsóknarflokkurinn

Framkvæmdastjóri: Kristinn Finnbogason. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson (ábm.), Jón Helgason, Tómas Karlsson, Andrés Kristjánsson (ritstjóri Sunnudagsblaðs Tímans). Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Ritstjórnarskrifstofur í Edduhúsinu við Lindargötu, símar 18300-18306. Skrifstofur í Bankastræti 7 — afgreiðslusími 12323 — auglýsingasími 19523. Aðrar skrifstofur: sími 18300. Askriftargjald 225 krónur á mánuði innan lands, í lausasölu 15 krónur ein takið. Blaðaprent h.f.

Válegar náttúruhamfarir

Í ávarpi sinu til þjóðarinnar í hljóðvarpi og sjónvarpi í gærkveldi sagði Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, að ekki væri ofmælt, að öll þjóðin væri harmi og skelfingu lostin vegna hinna óskaplegu náttúruhamfara í Vestmannaeyjum. „Einhver blómlegust byggð hérlandis, verstöðin mikla, Vestmannaeyjar, hefur um sinn að kalla lagzt í eyði sakir eldgoss á Heimaey”.

Hér er um stórkostlegt áfall þjóðarinnar allrar að ræða, þótt Vestmannaeyingar eigi auðvitað um sárast að binda. Vestmannaeyjar hafa verið stærsta og öflugasta verstöð landsins og í fyrra var þar landað 17% heildaraflans og gert ráð fyrir að landa þar nú um þriðjungl löðnaflans, sem svo miklar vonir hafa verið bundnar við.

Forsætisráðherra bar lof á þá, sem stóðu að flutningum Vestmannaeyinga til lands. Þar var afrek unnið, sagði ráðherrann. „Allir þeir aðilar, sem þar hafa átt hlut að máli, eiga þakkir skilið”. Ekki ættu þakkirnar sízt að beinast að Almannaávarnaráði og taldi hann, að þessir atburðir hafi fært mönnum heim sanninn um nauðsyn þess. Sérstakar þakkir færði forsætisráðherra svo Vestmannaeyingum fyrir ædruleysi þeirra í þessum skelfilegu náttúruhamförum.

Forsætisráðherra sagði, að það væri skylda samfélagsins að gera allar ráðstafanir, sem unnt er, til að tryggja stöðu Vestmannaeyinga og bæta þeim tjón þeirra. Þjóðin öll yrði að jafna þessu tjóni á sig.

Þá skýrði hann frá eftirfarandi ákvörðunum, sem ríkisstjórnin tók í gær:

1. Að fela Almannaávarnaráði að hafa áfram stjórn á björgunarstarfi og gæzlu í Vestmannaeyjum í samráði og samvinnu við bæjarstjórn.
2. Að fela ráðuneyttisstjórn þriggja ráðuneyta í samráði við fulltrúa Rauða Krossins að annast það fólk, sem verður veglaust.
3. Að hvert ráðuneyti taki til sérstakrar athugunar málefnaþætti þá, sem undir það heyrir.
4. Að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka hverjar afleiðingar þessir atburðir geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarbúsins og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum.

Forsætisráðherra kvæðst ekki efast um, að öll þjóðin yrði einhuga í þeim bjargráðum, sem til þyrftu að koma, og upplýsti, að hann hefði þegar rætt þetta mál við formenn þeirra flokka, sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn.

Ef þessar náttúruhamfarir verða langvarandi munu stjórnvöld og þjóðin öll verða að leysa risavaxin verkefni á næstu vikum. Það þarf að koma Vestmannaeyingum sómasamlega fyrir. Það þarf að tryggja 80-90 bátum viðlegupláss og aðra aðstöðu í öðrum verstöðvum og það þarf að tryggja vinnslu á þeim afla, sem þeir bera að landi auk þeirrar margvíslegu félagslegu þjónustu, sem til þarf að koma, og er þá fátt eitt nefnt.

Þess vegna vona allir, að þessum náttúruhamförum linni sem fyrst. Það geta allir tekið undir við niðurlagsorð forsætisráðherra í gærkveldi, er hann sagði, að nú eigi Íslendingar þá ósk heitasta, að á ný blómgist og dafni byggð í Vestmannaeyjum.

—TK

ERLENT YFIRLIT

Börnin fá skólavist frá þriggja ára aldri

Róttæk 10 ára áætlun brezka menntamálaráðherrans

FYRIR nokkru lagði menntamálaráðherra Bretlands, Margaret Hilda Thatcher, fram 10 ára áætlun um endurskipulagningu skólakerfisins í Bretlandi. Thatcher hefur fram til þessa verið talin frekar íhaldssöm og oft átt í höggi við ýmsa frjálslýnda skólameðmánaðum hún tók við embætti menntamálaráðherra sumarið 1970. Andstæðingar hennar hafa lýst henni sem íhaldsamri yfirstéttarkonu. Sumar ráðstafanir hennar sem menntamálaráðherra hafa ytt undir þessa skoðun, t.d. þegar dregið var úr ókeypis máltíðum fyrir skólaborn. Hins vegar verður ekki annað sagt en að 10 ára áætlunin, sem áður er nefnd, sé á margan hátt hin róttækasta. Um sum atriðin virðast flestir vera sammála, en önnur eru líkleg til að vekja verulegar deilur.

RÓTTÆKASTA breytingin, sem 10 ára áætlunin gerir ráð fyrir, er vafalítið sú, að stefnt er að því, að öll börn á aldrinum þriggja og fjögurra ára geti átt kost á dvöl á barnaheimilum, ef foreldrar óska þess. Margir skólameðmánaðum hafa talið það mjög mikilvægt, að börn ættu kost á góðri umönnun og leiðsögn sermenntaðs umsjónarfolks strax á þessum aldri. Það sé nauðsynlegur undirbúningur skylduámsins, sem samkvæmt 10 ára áætluninni hefst strax við fimm ára aldurinn.

Önnur mikilvægasta breytingin, sem felst í 10 ára áætluninni, er sennilega sú að kennaramenntunin verður stórulega aukin og kennurum fjölgað verulega. Til jafnaðar annast barnakennarar nú kennslu 22 barna, eða þekktarstærðin er við það miðuð. Árið 1981 eiga kennarar ekki að annast til jafnaðar kennslu fleiri en 12 barna. Kennurum mun því ekki aðeins fjölga vegna fjölgunar á nemendum, heldur einnig vegna þess að fækkað verður í bekkjunum. Þá er að finna í 10 ára áætluninni tillögur um framhaldsmentun kennara og er m.a. ætlað til að þeir fari í framhaldsnám með sjö ára millibili. Í þessu sambandi má geta þess, að einnig er gert ráð fyrir hliðstæðu framhaldsnámi annarra stétta.

Í 10 ára áætluninni er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að námsmönnum fjölgi í háskólunum. Hins vegar er gert ráð fyrir, að fjórveitingar til æri skóla aukist tiltölulega minna en til barna- og unglingskóla og er það ófugt við þróun síðari ára. Að undanfögnu hefur aðaláhrifan verið lögð á eflingu háskólanna. Meðal annars er gert ráð fyrir tilsvæðum sparnaði á þann hátt, að krafztíð verður meiri kennslu af prófessorum en áður. Nú mun láta nærri að nemendur í háskólunum séu átta sinnum fleiri en prófessorar og aðstoðarmenn þeirra, en í framtíðinni er gert ráð fyrir, að þeir verði tveggjum sinnum fleiri.

Meðal þeirra atriða í 10 ára áætluninni, sem þykja mikilsverð, er sérnám fyrir nemendur, sem eiga ekki samleið með öðrum af ýmsum ástæðum, og þurfa því sérstaka umönnun. Hér þarf ekki eingöngu að vera um vangefin eða tornæm



Margaret Hilda Thatcher

börn að ræða, heldur einnig ærslabeigi, sem trufla nám fyrir öðrum og eiga því ekki heima með venjulegu námsfólki.

Mörg atriði í 10 ára áætluninni hafa þegar verið gagnrýnd verulega. Meðal annars er talið, að ekki sé tryggt nægilega, að nám aldursflokka frá 16-19 ára falli inn í heildarkerfið. Meist hefur þó kvæðið að gagnrýninni frá háskólamönnum, sem telja, að ekki verði fullnægt þörfinni fyrir svonefnda æðri menntun.

Thatcher tekur þessari gagnrýni ekki illa, heldur bendir á, að þetta sé í fyrsta sinn eftir síðari heimsstyrjöldina, sem öll skólalöggjöf Bretlands sé tekin til róttækra endurskoðunar í heild og þurfi því ekki að undra, þótt ýmissar óánægju gæti og ýmsum sýnist, að síthvað megi betur fara. Breyttar aðstæður geti einnig leitt í ljós, að heppilegra væri að leysa ýms atriði á aðra leið en hyggilegast þyki, þegar miðað er við nügildandi kringumstæður.

Meginkjarni nügildandi skólalöggjafa Breta er frá 1944 og var hún undirbúin af Richard Austin Butler, sem síðar varð einn áhrifamesti leiðtogi haldsflokksins. Skólalöggjöfin frá 1944 þótti mjög róttæk á sínum tíma og hafði miklar breytingar í för með sér. Hún átti m.a. þátt í því, að Butler hefur verið talinn meðal umbótasinnum stjórnmalámalanna Breta á síðari áratugum, enda náði hann aldrei að verða forsætisráðherra, eins og honum þó bar af ýmsum ástæðum. Hann dró sig því út úr stjórnmalábaráttunni og gerðist háskóla- rektor í Cambridge.

MARGARET HILDA THATCHER hefur á annan áratug verið sú kona, sem íhaldsflokkurinn hefur teft

mest fram á stjórnmalasviðinu. Hún er komin af efnum áætlun. Þaðir hennar var lögræðingur og sjálf ákvað hún ung að verða lögræðingur. Henni tókst það með ágætum og hóf fljótlega eftir það málflutningsstörf. Jafnframt lét hún stjórnmal til sín taka og var tvívægis í frambóði fyrir íhaldsflokkinn. Án þess að ná kjöri. Á þessum árum giftist hún ríkum forstjóra við olíu- skólamönnum, sem telja, að ekki verði fullnægt þörfinni fyrir svonefnda æðri menntun. Thatcher tekur þessari gagnrýni ekki illa, heldur bendir á, að þetta sé í fyrsta sinn eftir síðari heimsstyrjöldina, sem öll skólalöggjöf Bretlands sé tekin til róttækra endurskoðunar í heild og þurfi því ekki að undra, þótt ýmissar óánægju gæti og ýmsum sýnist, að síthvað megi betur fara. Breyttar aðstæður geti einnig leitt í ljós, að heppilegra væri að leysa ýms atriði á aðra leið en hyggilegast þyki, þegar miðað er við nügildandi kringumstæður.

Árið 1959 náði hún kosningu á þing og hefur átt þar sæti óslitið síðan. Hún vakti brátt mikla athygli á þingi, enda talin meðal glæsilegustu kenna, sem þar hafa átt sæti. Hún syndi líka fljótt, að hún gat komið vel fyrir sig orði og stóð ekki færustu karlönnum neitt að baki á því sviði, ef á þurfti að halda. Íhaldsflokkurinn taldi það mikinn ávinning fyrir sig, að hafa svo vöðum og glæsilegum kvenfulltrúa á að skipa og fól hanni því fljótlega störf aðstoðarráðherra og síðar minniháttar ráðherra-embætti. Þegar Heath myndaði svo stjórn sína eftir kosningarnar sumarið '70 skipaði hann hana menntamálaráðherra, sem er nú eitt erfiðasta ráðherraástarfið. Hún hefur verið talstvert umdeild í því starfi, þótt gera sumt vel, en annað miður. Hins vegar hefur hún þótt akveðin og svara samleiga fyrir sig í þinginu. Sennilega verður það 10 ára áætlunin, sem áður er getið, sem mun skera úr um það, hvaða dóm hún hlýtur endanlega sem menntamálaráðherra.

B.P.



Loftmynd af Heimaey — hvíta línan gefur hugmynd um stefnu eldgjárinnar. Kirkjubær, sem sennilega er nú kominn í kaf í hrauneðju, sést efst til hægri. Hvíti krossinn merkir flugbrautina í Vestmannaeyjum.

Eldgjá frá Kirkjubæ suður að Skarfatanga

Fyrstu fréttir af gosinu

Timinn gaf í gær-morgun út 8 síðna aukablað með fréttum og myndum frá upphafi eldgossins í Vestmannaeyjum. Þar sem blaðinu var ekki dreift til áskrifanda birtist hér meginhluti efnis þess.

JH-Reykjavík
Jafnválegir atburðir hafa ekki gerzt í Vestmannaeyjum í 346 ár — ekki síðan Tyrkir gengu þar á land með ránum og manndrápum: Eldgos dundi yfir í Vestmannaeyjum í nótt, og áður en klukkan var orðin sex, hafði eldgjain náð nálega langs effir um eyna frá Kirkjubæ suður að Skarfatanga. Sá hluti sprungunnar, sem næst er kaupstaðnum er aðeins tvö hundruð metra, á að gizka, frá austustu húsunum, og

alls er eldgjain fimmtán til átján hundruð metra löng.

Klukkan var að ganga 3 í fyrri-nótt er síminn heima hjá mér tók að hringja ákaf. Það var Greipur Kristjánsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík, er færði mér þær fregnir frá Sigurgeiri forstjóra Kristjánssyni bróður sínum, fréttaritari Tímans í Eyjum, að eldur væri kominn upp örskammt frá kaupstaðnum. Stundu síðar vorum við lagðir af stað til Vestmannaeyja í flugvél frá Vængjum.

Við vorum yfir Hellisheiði, er við sáum, hvar glórði í eldana. Myndin skýrðist þegar nær dró. Miklir eldstrókar gusu upp í langri röð austan Helgafells, frá subvestri til norðurausturs. Þeir

hnigu og risu til skiptis, og vikursteinar þyrluðust í eldslogunum. Yfir öllu grúfði ógurlegur mökkur, ljósgrár í nætur-skímunni og sló á hann rauðum bjarna hið næsta eldunum. Hraunstraumarnir höfðu þegar náð að renna í sjó fram, og stigu þar upp miklir gufuhnyklar, sem teygðu sig hátt í loft, og á einum stað var sýnilega byrjað að gjósa úti fyrir ströndinni. Um þrjátíu fiskibátar lágu í hnappúti fyrir og bíðu áteka, en nokkrir voru þegar á leið til Þorlákshafnar eða nýkomnir þangað. Við flugum í kringum eldana og lentum síðan á flugvellinum. Eldgjain var sögð á að gizka þrjú hundruð metra frá austurenda brautarinnar.

Við hitum fyrst ungan mann úr síðkvíllibi Vestmannaeyja,

Hilmur Pálsson. Hann sagði okkur, að nálægt miðnætti hefði orðið jarðskjálfti í Vestmannaeyjum, sem er óvenjulegt þar, og laust fyrir klukkan tvö hefði gosið hafizt. Fyrst kom á að gizka hundruð metra löng sprunga, eitthvað tvö hundruð metra frá austustu húsunum, örskammt frá nýjasta hverfinu í kaupstaðnum. — Það var undir eins brugðið við að vekja fólk í kaupstaðnum, brunalúðrar þeyttir og flautur látnar glymja og síðan farið hús úr húsi í austasta hverfinu. Íbúðarhúsin í Kirkjubæ voru næst eldunum, og í austasta húsinu bjó Pétur Guðjónsson, og þar vissi fólk ekki enn, hvað gerzt hafði, þegar komið var á vettvang. Vikri hefur rignt hér yfir allt, sagði hann, en ekkert líf hefur

Vikursalli í reifum ung- barnsins

— rætt við fyrstu farþegana, sem komu frá Vestmannaeyjum

Alf-Reykjavík. Það var þreytulegt fólk, sem steig út úr flugvél Vængja á fimmta tímanum í nótt á Reykjavíkurflugvelli, fyrstu farþegarnir sem komu frá Vestmannaeyjum. Hér var um að ræða fólk, sem kom af sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum, þ.á.m. meður með ungabörn.

Meðal farþega var Jenny Johansen með þriggja daga gamalt barn sitt. Í reifum barnsins var vikursalli. Jenny beið á flugvellinum eftir manni sínum, Óla Árna, sem staddur var í Reykjavík,

og má nærri geta, að mikill fagnaðarfundur varð, þegar eiginmaðurinn fann eigin konu sína og barn heil á húfi.

Meðal farþega sem komu með fyrstu flugvellinni frá Vestmannaeyjum voru hjónin Sólveig Jensen og Þorsteinn Konráðsson með nýfætt barn sitt. „Ég hélt, að um gabb væri að ræða,” sagði Þorsteinn, þegar við inntum hann eftir því, hver viðbrögð hans hefðu orðið, þegar hann frétti um hamfarirnar. „Húsið var barið að utan, og það var hrópað,

að eldgos væri haðið. Ég trúði þessu ekki og lagðist til svefns aftur. En svo gerði ég mér grein fyrir því skömmu síðar, að ekki var allt með felldu. Mikil umferð var á götunni, þar sem við búum. Mér varð litíð út um glugga og þá var mér ljóst, hvað var að gerast. Bjarma sló yfir austurbýggðina. Þetta var í sannleika hrikaleg sjón. Það fyrsta sem ég gerði var að vekja annað fólk og taka saman föggurnar.”

Sólveig og Þorsteinn voru þreytuleg, þar sem þau biðu á flugvellinum, og í öngum sínum yfir




Fagnaðarfundur á Reykjavíkurflugvelli. Eiginmaðurinn tekur á móti konu sinni. Litla barnið er á milli þeirra. (Tímamyndir GE).



Fyrstu faregarnir, sem komu til Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum í nótt. Lengst til hægri er Þorsteinn Konráðsson. Fyrir miðju er Sólveig Jensen og lengst til vinstri Jenny Johansen.

því, að fá e.t.v. ekki flugmenn Vængja, sem húsaskjól í Reykjavík, þar sem þau ættu enga um, að Vestmannaeyingar hefðu sýnt mikla stillingu á flugvellinum í Eyjum, þrátt fyrir þessar ógurlegu og óvæntu hamfarir. Flug sem þau fengu húsaskjól og aðhlyningu, en annars var fólk úr Reykjavík farið að streyma út á flugvöll strax um nóttina í leit að ættingjum og vinum og tók fólk með sér heim.

Flugmenn Vængja, sem við ræddum við á flugvellinum, voru sammála um, að Vestmannaeyingar hefðu sýnt mikla stillingu á flugvellinum í Eyjum, þrátt fyrir þessar ógurlegu og óvæntu hamfarir. Flug frá Vestmannaeyjum hefði gengið skipulega fyrir sig, en allar aðstæður voru þó erfiðar, þrátt fyrir hagstætt veður, m.a. rigndi vikursalla yfir fólk á flugvellinum.



Móðir og dóttir, nýkominn frá Vestmannaeyjum.

farið forgörðum, nema hvað hestur tryllist og hljóp beint í eldinn.

Eldsprungan lengdist fljótt og eitt mannvirkur hvarf í eldinn, innsiglingarviti, sem við köllum Urðavita. Hann bókstaflega sökk.

Helgafell hefur verið talið út-dautt eldfjall fyrir langa löngu, og hefur ekki gosið í fjögur þúsund ár, en gosið nú er í sýnilegum tengslum við Surtseyjar-gosið, því að sprungan eða eldgjain hefur sömu stefnu.

Ibúar í Vestmannaeyjum eru um fimm þúsund og þrjú hundruð, auk sjö hundruð aðkomumanna, og þegar við komum þangað var gízkað á, að tvö þúsund og fimm hundruð væru flúnir. Konum og börnum var í skyndi komið út í bátana, sem ýmist voru farnir til Þorlákshafnar eða lágu ena við eyna, og biðu áteka. En mjög bráður bugur var undinn að því að koma bátunum út úr höfninni, ef svo ógæfusa melega tækist til, að hraun rynnir þangað og lokaði innsiglingunni.

Er talið að fjögur þúsund manns hafi verið flutt sjóleiðis frá Eyjum um nóttina og í morgun-sárið.

Við ókum niður í bæinn. Þorri fólks, sem eftir var, hafði safnazt saman niðri við höfnina, og allur austurbærinn var auður og yfir-gefinn, ekki nokkur sála eftir. Sums staðar hafði fólk gleymt að slökkva rafljósinn, áður en það flúði. Annars var ekki að sjá æuru á neinum manni, þótt eðlilega yrði morgun flemt við í fyrstu.

Við ókum Bústababrautina staðnæmdust í nýja hverfinu í austurbænum. Í dýrasta íbúar-húsi Vestmannaeyja, átta milljóna byggingu, glórði aðeins í ljós bak við rauð gluggatjöld.— Íbúarnir án efa á bak og burt eins og aðrir. Vikurhröin dundi á bilnum linnulaust, og þegar við stígum út, skulu vikurmólararnir hinir stærstu álíka og fingurkögglar, á okkur, Vikurinn sat í hári okkar, þegar við forðum okkur inn í bilinn undan hröðinni.

Um allar götur var lag af vikri og ösku, og enn þættist við, því að eldarnir virtust færast í aukana þá stund, sem við vorum þarna.

Þegar við komum á flugvöllinn, voru komnar þangað þyrlur og flugvélar frá Flugfélagi Íslands, og lögreglumenn og menn úr hjálparsevitum í Eyjum voru sem óðast að koma þangað upp eftir með gamalmenni, sjúklinga úr sjúkrahúsinu og annað las-burða fólk, sem ekki hafði þótt ráðlegt að láta velkjast með bátum til lands. Okkur var sagt að Herjólfur væri á leið úr Reykjavík og varðskipum hefði verið stefnt til. Gullfoss, sem legið hafði hér í höfninni, hafði líka verið mannaður og sendur af stað til Eyja.

Við hittum Stefán Helgason, Benediktssonar, á flugvellinum, og kvæðst hann hafa orðið fyrstur til þess að hringja á Almanna-varnir og biðja þær að hefjast handa. Fyrst í stað áttáði sá, sem hann talaði við sig ei á því, hve alvarlegir atburðir höfðu gerzt:

Hann hélt, að um gabb væri að ræða. En nú voru menn frá Almannavörnum komnir á vettvang.

Þegar við héldum heimleiðis laust fyrir klukkan sex hafði sneið austan undir Helgafelli rifnað nær frá stranda á milli. Þar sem litlu áður höfðu aðeins fátir hraun-taumar náð í sjó fram, ruddist nú hraunleija fram á breiðu svæði með miklu skarki, og durnar og dyknir höfðu magnazt um allan hálmgang.

Bæði í lofti og á sjó var óslitinn straumur ljósa — flugvélar í lest á leið til Reykjavíkur og líklega um fimmtíu bátar á leið til lands, ferðinni heitið til Þorlákshafnar. Bátalestin teygðist alla leið frá Eyjum langleiðina vestur á mót við Stokkseyri.

Austur yfir Hellið var óslitinn straumur bifreiða. Sumir voru sýnilega á leið austur á Kambabrun, því að þaðan mátti glögg sjá eldana í Eyjum, en aðrir, og þeir mun fleiri, voru á leið til Þorlákshafnar til þess að sækja fólk, sem flúði hafði heimkynni sín. Það voru litlir fólksbílar, stórir langferðabílar og meira að segja strætisvagnar, sem alla jafnan þræða sömu göturnar æ ofan í og innan borgarmarkanna.

Við vorum komnir vestur yfir Hellið, þegar tilkynnt var, að öllum væri bannað að fljúga til Eyja, nema starfsmönnum Almanna-varna og vísindamönnum, svo og flugvélum, sem voru að sækja fólk.

Kona í Eyjum varð fyrst til að tilkynna gosið:

HÉLT AÐ VÆRI KVIKNAÐ Í HÚSI

— og
hringdi
á
lögrelguna

TK-Reykjavík

Vestmannaeyingar áttu ekki von á þeim náttúruhamförum, sem hófust um kl. 2 í nótt, er þeir um klukkan 22 í gærkveldi urðu varir við vægan jarðskjálfta.

Það var kona ein í Vestmannaeyjum, sem fyrst varð þess vör, að eitthvað annarlegt var á seyði, er hún sá hjarma af eldi og hringdi og tilkynnti lögrelgunni að eldur mundi laus í húsi í kaupstaðnum.


Brátt varð ljóst, hve alvarlegir hlutir voru að gerast og var þegar haft samband við almannavarnir og kom almannavarnaráð saman til fundar í Lögrelustöðinni í Reykjavík laust fyrir kl. 3 í nótt. Þar var tekin ákvörðun um að fylgja þeim áætlunum, sem gerðar höfðu verið með tilliti til svipaðra náttúruhamfara og ákveðið að hefja þegar brottflutning allra íbúa Vestmannaeyja. 3 af skipum Eimskipafélagsins, sem lágu í höfn í Reykjavík voru þegar send áleiðis til Vestmannaeyja og Flugfélagið beðið að hefja þegar flug frá Vestmannaeyjum. Minni flugvélar flugu einnig strax til Eyja og voru blaðamenn Tímans með fyrstu vélinni, sem

hóf sig til flugs frá Reykjavík.

Bátafloti Vestmannaeyinga flutti fólk til Þorlákshafnar og bátar frá verstöðum á Suðurnesjum héldu þegar í nótt til Vestmannaeyja til aðstoðar við fólksflutningana. Gerðar voru ráðstafanir til að taka á móti fólki í Þorlákshöfn og strætisvögnum Reykjavíkur og nágreinis stefnt til Þorlákshafnar til að flytja fólkið til Reykjavíkur.

Þyrlur tóku sjúkt fólk og farlana og fluttu til Reykjavíkur og voru 30 sjúklingar af sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum fluttir í Landspítalann en allt hjúkrunarlið spítalans var kallað út til að taka á móti fólkinu.

Allt lögrelgulíð borgarinnar var kallað út og tveir skólar borgarinnar þegar opnadir og búnir undir hýsingu Vestmannaeyinga. Í fyrstu var aðstandendum Vestmannaeyinga í Reykjavík stefnt til þessara skóla Árbæjarskóla og Melaskóla, en sú beiðni síðan afturkölluð vegna umferðaröngþveitis og fólk beðið að sitja heima og biða eftir símtali frá aðstandendum eða starfsmönnum almannavarna.



Blindur maður borinn í flugvél, sem flytur hann burt.

Um kl. 7 var talið að 3500-4000 Vestmannaeyingar væru lagðir af stað frá Vestmannaeyjum. Biðu þá hálfstómar flugvélar á flugvöllum

og sjóklárir bátar við bryggju og fannst lögrelgu og almannavörnum Vestmannaeyingar nokkuð tregir að gefa sig fram við flutningatækin og dundu hvatningar stöðugt í útvarpinu til Vestmannaeyinga um að hraða för sinni til hafnar eða á flugvöll.

Nokkru síðar kom viðtal við Sigurð Þórarinsson, jarðfræðing, í útvarpinu og taldi hann að ekki væri bráð hætta á ferðum og sagði hann skynsamlegast fyrir fólk að fara að engu ódslega og sýna stillingu, engin ástæða væri fyrir fólk að yfirgefa hús sín í bráðræði.

Kl. 7.20 kom tilkynning frá Guðmundi Arnlaugssyni rektor Hamrahlíðarskólans og kennarar boðadír til fundar í skólanum kl. 8 en nemendum tilkynnt

ad kennsla félli niður í dag.

Veður var hið fegursta í Eyjum í nótt, heiðskirt og nærri logn, en Veðurstofan boðaði kom djúprar lægðar og hvassviðri af suðaustri síðdegis í dag, en það þýðir að vindur stendur þá beint af eldinum á flugvöllum.

Almannavarnir hönnuðu alla mannflutninga til Eyja kl. tæplega 5 og var ljósmyndara Þjóðviljans þá t.d. snúid við.

Tilkynnt hefur verið að leiðir 1, 8 og 9 hjá Strætisvögnum Reykjavíkur falli niður í daga vegna mannflutninganna austan frá Þorlákshöfn.

Útvarpið hóf sendingu kl. um 4 í nótt og útvarpaði stanzlaust við, fréttum og tilkynningum til Vestmannaeyinga og aðstandenda þeirra.



Flóttafólk komið í langferðabíl.

Lýsing Sigurðar Þórarínsson

Eins og fyrr var sagt hafði útvarpið viðtal við Sigurð Þórarínsson, jarðfræðing, er hann var nýkominn úr flugi yfir gosstöðvarnar. Minnti hann á, að liðin væru 4-5 þúsund ár síðan síðast gaus í Heimakletti. Gosið taldi hann vera dæmigert sprungugos. Enn væri gosið allt á þurru og því hreint flæðigos. Sprungan hefði svipaða stefnu og sprungugosið í Surtsey. Með tilliti til byggðarinnar og kaupstaðarinnar í Vestmannaeyjum gæti sprungan naumast haft heppilegri legu. Sprungan væri um 1500 metrar á lengd og væru á henni 50-60 eldstrókar, sem næðu 40-50 metra í loft upp og


mynduðu þeir samhangandi eldvegg.

Hraunið rennur í sjó fram en hætta er á því að rennsli þess breyti stefnu og fylgi síðan hömrunum með ströndinni, því að kælingin er meiri sjávarmegin og því hætt við að rennslið verði með hömrunum, þegar hraunmagnið eykst. Hætta er á gjalli og ösku, ef sprungan opnast út í sjó og enn fremur getur hætta skapað, ef þessi sprunga lokast og önnur sprunga myndast á eyinni.


Flugvöllur var opinn enn, er þetta er skrifað en nokkurt grjót mun hafa verið komið á brautarendann. Hætt er hins vegar á, að flugvöllurinn lokist, ef hvessir og vindátt standur af eldinum á flugvöllinn.




Komið með aldraða konu í bíl Fiskidjunnar á flugvöllinn í Eyjum.



Roskin kona með barnabarn sitt í fanginu á flóttu undan eldinum.



Sjúklingur borinn á börum í flugvélinu á Vestmannaeyjaflugvelli.



Eldhafið í Vestmannaeyjum — kaupstaðurinn í baksýn. Myndin var tekin um fimmleytið

— Tímamynd: Gunnar.

Skólabörnum og sjúklingum úr Eyjum ekki tvístrað

Stp.—JH.—Reykjavík
 Það, sem dundi hefur yfir Vestmannaeyjar, er mikilfenglegt. Það hefu þótt hrikaleg lífandi í Bandaríkjunum til dæmis, ef svo til allir bítar Los Angeles hefu verið fluttir burt á einni nóttu vegna ægilegra náttúruhamfara, og er það þó einmitt mjög svipað hlutfall. Það voru nákvæmlega 2,5% íslenzku þjóðarinnar, sem fluttu á einni nóttu til meginlandsins.

Þessum gífurlegu, óvæntu mannflothingum fylgja mörg vandamál og mikil. Hvar á hinn mikli bátafloði Vestmannaeyinga að leggja upp aflann sinn, og hvar verður hann unninn, ef fólk og mannvirki í Eyjum verða ekki óhult á þessari vetrarvertíð? Hvar á að búa öllu fólki, sem flutt hefur verið úr Eyjum, samastað, og hvaða áhrif hafa þessir atburðir á leigumála og húsuverð við Faxaflóa? Hvar á að fá illum vinnu? Hvernig á að sjá börnum og unglungum fyrir þeirri kennslu, sem til hafði verið stofnað heima fyrir? Hvar fá aldrað fólk og sjúklingar samastað?


Við snerum okkur til Magnúsar Torfa Ólafssonar menntamálaráðherra og spurðum hann, hvað heilt væri fyrirhugað í kennslumálum.

SKÓLABÖRN ÚR VESTMANNAEYJUM

Í barnskóla Vestmannaeyja voru 844 börn og tuttugu og níu fastir kennarar, og að auki voru í barnaskóla ábentista 27 börn og einn kennari. Í gagnfræðaskólanum voru 264 nemendur, þar af seyrtján í framhaldsdeild, en fastir kennarar þrettán og stundakennarar átta. Loks voru í Eyjum ymsir sérskólar — fjölmennur iðnskóli, tónlistarskóli, sjómanna-skóli, vélstjórnarskóli og matsveina- og veitingamanna-skóli, og trúlega hafa nemendur í þessum skólum verið fast að tve hundruð. Þessi tala í heild ber með sér, að í Vestmannaeyjum hafa verið ríflega þrettán hundruð skólanemendur, svo að hér er ekki fram úr lítu að ráða.

— Við höfum verið að leggja drög að því, sagði menntamálaráðherra, að þessir nemendur fái eðlilega kennslu, geti haldið hópinn á sama hátt og áður og notið sömu kennara. Við viljum halda þeirri bekkjaskipan, sem var heima fyrir, og við erum að beita okkur fyrir því, að skólarnir í Reykjavík verði opnaðir þessum börnum og unglungum.

Fræðslufrivöld í Reykjavík og skólastjórarnir vestmannaeysku verða auðvitað að fjalla um þetta, og að sjálfsgöðu kostar þetta, að hér verður að tvi- og kannski þrjátíu skóla, en það hefur oft verið gert áður, þegar minni neyð stöðjafi að en nú. Þeim, sem stundað hafa nám í sérskólum, verður komið inn í hlíðstæða skóla hér.



Óskar Arason í Melaskólanum. Hann var að dunda sér ásamt fleiri börnum í einni kennslustofu Melaskólans. „Mér brá auðvitað ofsalega, þegar ég sá gosið. Þetta er mjög spennandi. Og svo var ég sjúveitur á leiðinni til Þorlákshafnar. úff!“

Bæjarstjórnarfundur

Framhald af bls. 24

bæjarstjórnar, Gunnar Sigurmundsson, Jón Traustason, Guðlaugur Gíslason, Jóhann Friðfinnsson, Reynir Guðmundsson, Guðmundur Karlsson og auk þess voru á fundinum yfirloðregluþjónn, slökkviliðsstjóri, rafveitustjóri, bæjarverkfræðingur og forsvarsmáður Hjalparsveitar skáta.

Á fundinum voru samþykktar þakkartilögur til allra, sem unnið hafa að aðstoð við Eyjamenn á þessum ógnardegi, og enn fremur voru samþykktar á þessum fundi tilkynningar til Vestmannaeyja-báta, sem farið höfðu úr höfn um morguninn.

Fréttamaður Tímans kom að máli við Sigurgeir Kristjánsson forseta bæjarstjórnar að loknum fundinum, sem haldinn var við bjarmann af eldgosinu og við undirleik gosdrunanna.

— Þetta kom eins og reibarslag yfir bæjarbúa og bæjarfélagið, og það er ekkert gamanmál að hlaupta upp úr rúminu um miðja nótt og vera drifinn niður í skip og út á ólúsju, eins og var í nótt, — segir Sigurgeir. — Mig skal því ekki undra, þótt farið hafi um eina og eina konuna á leiðinni. Það má teljast þakkarvert, að ekkert slys varð við þessa flutninga.

— Eg er hræddur um, sagði Sigurgeir ennfremur, að þetta verði hnekkir, sem við bíðum ekki bætur í náinni framtíð, og það gæti orðið óhugur í fólk að snúa hingað svona fyrst í stað. Eg er heldur ekki viss um, að gosið detti niður alveg á næstunni.

— Útgerðarmenn hér voru í óþönn að búa sig undir vertíð, og þá fyrst og fremst á lönunvertíðina. Er dókkt útlit með hana nú — Ríkisstjórnin tók þetta mál fyrir á fundi sínum í morgun, sagði Sigurgeir, er við ræddum við hann í gær, — og var málið tekið þar fyrir föstum og góðum tókum að mínu áliti. Bæði var þar um að ræða móttöku Vestmannaeyinga-anna í Reykjavík og skipulag og aðstoð við þá, er yfirumsjón með skipulagningu og aðstoð hafa Almannaþingin ríkisins. Þá er ráðgert að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnsmálaflokkanna, sem kanna mun fjárhagshlið þessa máls.

Ad sjálfsgöðu munu þó ekki allir, sem sátu á skólabekk, koma hingað til Reykjavíkur, heldur staðnæmst annars staðar í vetur, einkanlega austan fjalls, og að því leyti hlýtur hópurinn eitthvað að tvístrast.

Við höfum samband við Magnús Kjartansson heilbrigðismálaráðherra síðdegis í gær í því skyni að fá upplýsingar um, hvort tekin hefði verið ákvörðun varðandi vistun sjúklinganna, og þá sérilagi langlegusjúklinganna, úr Eyjum.

— Ad minni hyggju kemur til alita að kanna möguleika á opnun Grensásdeildar Borgarspítalans til vistunar langlegusjúklinganna. Deildin er hugsuð fyrir langlegusjúklinga, og er fullbúin að mestu leyti, að eg hygg, en hefur ekki verið opnuð vegna skorts á starfsfólki. Með sjúklingunum frá Vestmannaeyjum kemur einnig starfsfólk, sem hefur annast þá þar, og spurningin er sú, hvort hægt sé að láta þetta fara heim og saman. Þetta verður athugað, engin ákvörðun hefur verið tekin enn.

— Hve margir eru langlegusjúklingarnir úr Eyjum?

— Eg hygg, að þeir séu rúmlega 30.

— Hvernig gekk annars að koma sjúklingunum yfirleitt fyrir hér í borginni í morgun?

— Það voru engin vandkvæði með það, þeim var komið fyrir á Landspítalanum, Borgarspítalanum og Landakotsspítalanum. Hægt hefði verið að koma fyrir yfir hundræð sjúklingum, ef á hefði þurft að halda. Það hefur verið mjög auðvelt fyrir sjúkrahúsin að taka þessa viðbótarsjúklinga og raunar hafa verið í meira en ár tiltekar áttalið um, hvernig hægt væri að beita sjúkrahúsinum í Reykjavík, ef upp kæmu meiri háttar aföll, eins og t.d. flugslys. Það á að vega hægt að taka á móti miklu fleiri sjúklingum, en þarna var um að ræða.



Þessi litla hnata, hún Bylgja Dögg, var aldeilis ekki bangin. Hún sat og krotaði á bók ásamt fleiri börnum í Melaskólanum. — „Og veiztu bara, ég kom líka með fluvél“. Er eg spur hana, hvort hún hefði ekki séð gosið, eldinn, segir hún. — „Gosið?“. „Sá é þá“, og litur spyrjandi á stúlkuna sem situr hjá henni.

— Hvað voru þetta margir sjúklingar alls, sem komu úr Eyjum?

— Sjúklingarnir, aldrað fólk og lasburða voru ekki nema um fimmtíu talsins. Það eiga, eins og eg sagði, ekki að vera nein vandkvæði á að jafna þeim niður á sjúkrahúsin þrjú, og eins með því að taka Grensásdeildina í notkun.

Það verður væntanlega senn tekin ákvörðun um hana?

— Hún er ein af þeim möguleikum, sem skoðaðir verða. En auðvitað þyrfti þá að koma til samningar milli ríkisins og borgarinnar, þar sem Grensásdeildin er hluti af Borgarspítalanum.

Segja fyrir

Framhald af bls. 10.

kvöldið byrjuðu svo seint að búið var að loka símanum og eg gat ekki látið vita af þessu subur. Kippirnir þá voru að visu ekki miklir, en þegar þeir byrjuðu svona aftur varð eg óneitanlega hálf örölegur. Það er nefnilega reynslan með þessa smáskjálfta, t.d. frá Haxali-eyjum, að tíðni þeirra verði alveg gífurlega fyrir eldgos.

Það er ekki gott fyrir mig að segja til um, hve djúpt þessir kippir byrjuðu, það er eiginlega frekar fyrir fræðimenn heldur en okkur bændur, en rótið hefur verið komið nokkuð ofarlega, þegar hræringa fór að gæta hjá okkur. Maður hafði getað vænt þeirra á 8-15 km dýpi, en það hefur verið komið upp fyrir það, og alltaf grynnaði á skjálftunum.

Eg svaf heldur illa þessar nætur og fór svo á fætur um fjögur leytið í nótt, en þá kom Guðni Agustsson til mín, og sagði hvað títt var. Þetta var ógnvekjandi sjón, að sjá bæinn hverfa fyrir samfelldu eldhafi, og maður gat vænt þess, að handan þess færi fram fjöreyðing manna og mannvirkju, en sem betur fer hefur svo ekki orðið.

Eg held að eftir þessa reynslu, ætti að vera hægt að segja algerlega fyrir um á hverju von væri. Það er náttúrulega varla upp á klukkustund, en alveg hvað væri í aðsigi og næstum því hvenær. T.d. held eg, að Katla geti ekki komið okkur að övorum að fenginni þessari reynslu, þó að við fengjum ekki nema einn máli í viðbót, en eg myndi telja afar vel fyrir henni séð, ef einn mæli væri í Skaftartungum og svo þessi mæli, sem nú er hér inni á Höfðabrekkufrétt, ásamt einum tveimur hær vestar í Myrdalnum. Slíkt mælakerfi ætti að geta komið í veg fyrir störtjun, ef vel er að unnið.

Svo sagðist hinum sextuga sjálfmenntaða bónda, og ættu orð hans að verða ráðamönnum til umhugsunar um hagnytt viðvörðunarkerfi við eldgosum fyrir allt landið.

JÓN LOFTSSON HF.
 Hringbraut 121/23 10 600

SPONAPLOTUR 8-25 mm
 PLASTH. SPONAPLOTUR 12—19 mm
 HARDPLAST
 HORPLOTUR 9-26 mm
 HAMPLOTUR 9-20 mm
 BIRKI-GABON 16-25 mm
 BEYKI-GABON 16-22 mm
 KROSSVIÐUR:
 Birki 3-6 mm
 Beyki 3-6 mm
 Fura 4-12 mm

HARDEX með rakaheldu lími 1/8" 4x9"

HARDVIÐUR:
 Eik, japönsk, amerísk, aströlsk.
 Beyki, jugóslavneskt, danskt.
 Teak
 Afrosia
 Mahogany
 Iroko
 Palisander
 Oregon Pine
 Ramin
 Gullálmur
 Abakki
 Am. Hnota
 Birki 1/2-3"
 Wenge

SPONN:
 Eik - Teak - Oregon
 Pine - Fura - Gullálmur
 Almúr - Abakki - Beyki
 Askur - Koto - Am.Hnota
 Afrosia - Mahogany
 Palisander - Wenge.

FYRIRLIGGJANDI OG VENTANLEG
 Nyjar birgðir teknar heim vikulega.

VERLID ÞAR SEM ORVALID ER MEST OG KJORIN BEZT.

Jón Grétar Sigurðsson
 héraðsdómslögmaður
 Skólavörðustíg 12
 Sími 18783

LÖGFREÐI-
 SKRIFSTOFA
 Vilhjálmur Arnason, hrl.
 Lækjargötu 12.
 (Íbnaðarbankaústinu, s. h.)
 Símar 24635 7 16367.

FRÍMERKI — MYNT
 Kaup — sala
 Skrifnið eftir ókeypis
 vörulista.
 Frimerkjamiðstöðin
 Skólavörðustíg 21 A
 Reykjavík

BORDEN

GUDJÓN
 STYRKÁRSSON
 hæstaréttarlögmaður
 Aðalstræti 9
 — Sími 1-83-54

Menntamálaráðuneytið,
 23. janúar 1973.

Auglýsing
 frá menntamálaráðuneytinu

Vegna athugunar á kennslu fyrst um sinn fyrir nemendur barna- og gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum, er þess beiðzt, að þeir láti skrá sig eftir dvalarstað föstudaginn 26. þ.m., kl. 13-18:

í Reykjavík
 í fræðsluskrifstofunni, Tjarnargötu 12, sími 2-14-30,
 í Kópavogi
 í fræðsluskrifstofunni, Digranesveggi 10, sími 4-18-63,
 í Hafnarfirði
 í fræðsluskrifstofunni, Strandgötu 8-10, sími 5-34-44 og eftir kl. 17,5-32-50.

Annarsstaðar hafi nemendur samband við skólastjóra næsta skóla.
 Nemendur Stýrimannaskólans, Vélskólans, Iðnskólans og Tónlistarskólans í Vestmannaeyjum hafi samband við skólastjóra næsta hlíðstæðs skóla.

Johnson látinn

NTB—San Antonio, Texas og Washington

Lyndon Baynes Johnson fyrrverandi Bandaríkjaforseti lézt óvænt af hjartaslagi í sjúkrahúsi í San Antonio, Texas á mánuðaginn 64 ára að aldri.

Jarðarför Johnsons fer fram á fimmtudaginn, en þangað til mun lík hans hvíla á heiðursbörum í Austin, Texas og síðan í Washington.

Johnson var fluttur í ofbóði frá búgarði sínum í miðhluta Texas til sjúkrahússins þegar hann kenndi banaameinsins en hann lézt skömmu eftir komuna þangað. Johnson hafði þrívægis áður fengið hjartaslag. Lady Bird Johnson eiginkona forsetans fyrrverandi kom til sjúkrahússins skömmu á eftir honum, en hún hafði verið í Austin í Texas. Fregnir herma að frúnni hafi verið gefið röandi lyf eftir lát eiginmannsins.

Johnson forseti skrifaði nafn sitt svörtum stöfum á spjöld sögunnar, er hann fjölgaði hermönnum í líbslafla Bandaríkjanna í Vættum úr 20.000 í 100.000 Hann gerði þó einnig ýmislegt vel á löngum stjórnmálaferli sínum. George McGovern framþjóðandi demókrata í síbustu forsetakosningum lét svo um mælt nú eftir lát Johnsons, að enginn Bandaríkjaforseti hefði eftir í eins ríkum mæli mennta- og félagsmálakerfi Bandaríkjanna.

Þjóðarleiðtogar víða um heim létu í gær ljós hryggð sína vegna andláts forsetans.

Grindavíkurbátar hætt komnir

ÞÓ—Reykjavík

Um leið og Grindvíkingar fréttu um náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, fóru sjómenn að hugsa sér til hreyfings og koma meðbræðrum sínum í Vestmannaeyjum til hjálpar. Þrátt fyrir það að innsiglingin til Grindavíkur væri talin ófær, þegar gosið byrjaði, þá stóðvaði þá ekki sjómennina. Fóru tuttugu og fimm bátar út frá Grindavík, og gekk það ekki áfallalaus, því að nokkrir urðu fyrir brotsjónum og einn bátur brotnaði mikið. Bátarnir snéru þó ekki við en sigldu í átt til Eyja, sumir gátu reyndar fljótlega snúið við þegar sýnt var að aðstæður var ekki þörf.

Allir fengu gistingu

3010 Vestmannaeyingar komu með bílum til Reykjavíkur í gærmorgun og í gærdag, en auk þess kom fjöldi fólks úr Eyjum með flugvélum. Í gærkvöldi hafði allt þetta fólk fengið gistingu til bráðabirgða á heimilum í Reykjavík og næstu byggðarlögum, sennilega fast að fjögur þúsund manns.



Í Vestmannaeyjum er margt bíla. Hér standa bílar hins brottflutta fólks í röðum við höfnina.

—Tímamynd: Gunnar

ENGIN STARFSEMI Í EYJUM Í VETUR

— segir Einar Sigurðsson, útgerðarmaður

ÞÓ—Reykjavík.

Margir hugsa nú um þann vanda, sem skapast í landinu, ef ekki verður hægt að stunda sjóskón frá Vestmannaeyjum og frystihúsin verði óstarfhæf. Það er víðað mál, að ef frystihúsin í Vestmannaeyjum verða óstarfhæf í vetur og fiskiskipaflostin, sem saman stendur af 90 skipum, verður að flytja sig á aðrar hafnar, þá á eftir að skapast stórkostlegt vandamál. Þá er einnig hætt við, að löbuvæðing verði ekki eins góð, og annars hefði getað orðið. Aðstæðan er sú, að Vestmannaeyjar liggja bezt allra

verstöðva við löbnumiðunum, og í fyrra var þriðjungur löbnaflans, eða 90 þúsund lestum, landað í Vestmannaeyjum.

Lokast höfnin?

Einar Sigurðsson, útgerðarmaður, er einhver stærsti atvinnurekandinn í Vestmannaeyjum og að vonum má reikna með, að Einar lífi ekkert of vel þessa stundina frekar en öðrum Vestmannaeyingum. Í samtali við Tímam sagði Einar, að samkvæmt lauslegri könnun, sem hann hefði gert í gær, þá reiknað

ist sér til, að 20% af útflutningsvörum Söllumstöðvar hraðfrystihúsanna kæmi frá Vestmannaeyjum, og frá Vestmannaeyjum kæmi 15% af útfluttu sjávarafurðum þjóðarinnar, að verðmæti 1500 — 200 milljónir króna.

Þá sagði Einar: Eg hef verið að reyna að gera mér grein fyrir verðmæti fiskvinnslustöðvanna í Vestmannaeyjum, og það má slá því föstu, að það sé ekki undir fimm milljörðum króna, þar við bætist iðubárhúsnæði fyrir 2.5 milljarða, og hafnarmanvirkinn þar eru að verðmæti 2.5 milljarðar, þannig að hér er um verðmæti að ræða upp á 10 milljarða króna. Samt má ekki skilja orð min þannig, að ég geri ráð fyrir hraunflóði yfir bæinn.

— Gerirðu ráð fyrir, að Vestmannaeyjabátar fari í aðrar verstöðvar í vetur, og yrði það ekki erfitt?

— Jú, það yrði erfitt, ég myndi segja, að mestir erfðileikarnir væru í sambandi við alla þjónustu, en þetta eru 80 bátar, sem sennilega verða að yfirgefa Eyjar. Það yrði erfitt að fá alla vélþjónustu, og þar fram eftir götunum. Þá gæti orðið erfitt að taka á móti afla bátanna í landi, þó svo að alltaf sé talað um fiskleysi, en um 20% af heildarfla þjóðarinnar koma frá Vestmannaeyjum.

— Hvernig heldurðu að það gangi að koma Vestmannaeyingum fyrir uppi á meginlandinu, en þeir eru 2.5% þjóðarinnar?

— Að sjálfsögðu verða það miklir erfðileikar. En hjálppfysi og skilningur manna er það mikill að vonirnar eru miklar um, að það leysist. Eg get til dæmis sagt frá því, að oddvitinn á Hofsi, Pétur Jóhannsson, hringdi í mig og bað mér að koma fyrir hjá sér 5-6 manna fjölskyldu.

— En hvað með fjárhagshliðina á þessu máli?

— Þetta er ekki komið svo langt, að ég hafi leyft mér að hugsa neitt í þá átt. En það er strax ljóst, að ekkert verður gert nema með þáttöku hins opinbera, og einnig hef ég trú á, sem þegar er víst staðbreynd, að við fáum hjálp utan úr heimi.

— Telur þú að einhver starfsemi fari fram í Vestmannaeyjum í vetur?

— Eg tel útilokað, að nokkur starfsemi fari fram í Vestmannaeyjum í vetur. Eg byggi þetta á Surtseyjargönginu, en það stóð í fjögur ár, þó svo að ég voni, að hér sé um stutt gos að ræða. Eg býst við að fólk verði ófúst að búa í svona miklu nábyli við eldinn, og þess vegna get ég í vænzt þess að nein starfsemi fari fram í Vestmannaeyjum í vetur.

— Að lokum Einar. Gerir þú ráð fyrir, að hraunflóðið loki Vestmannaeyjahöfn?

— Ef þessu heldur áfram með miklum krafti, þá má reikna með Framhald á bls. 19

40 verkamenn með Hofsjökli til Eyja

— Skipið tekur þar 2000 lestrir af fiski — Margir Vestmannaeyingar vildu komast út í Eyjar aftur

ÞÓ—Reykjavík.

Hofsjökull lagði af stað frá Reykjavík til Vestmannaeyja í gærkvöldi. A skipið að freista þess að taka allan frosinn fisk, sem er í fyrstiklefum frystihúsanna í Vestmannaeyjum.

Einar Sigurðsson, formaður Söllumstöðvar hraðfrystihúsanna, sagði í gærkvöldi, að 2000 lestrir væru í fyrstiklefnum í Eyjum, og verðmætið væri talið nema 134 milljónum. Sagði Einar, að 40 verkamenn færu með skipinu frá Reykjavík og eiga þeir að sjá um útskipunina. Talið er, að verkið taki allt að tveim dögum, því að skipið verður ekki látið vera í höfninni eftir að dimmt er orðið. Um leið og dimma tekur, fer skipið út í höfninni í Eyjum og leggst í hafi-legrí fjarlægð frá landi, og bíður um birta tekur á ný.

Ekki virðast reykviskir verkamenn vera hræddir við að fara í þessa ferð, því miklu færri en vildu komast að.

Þá fór strandferðaskipið Hekla einnig til Eyja í gærkvöldi, og á skipið að taka einhverja vöru, sem þar bíður útflutnings.

Margir Vestmannaeyingar voru á bryggjunni, þegar skipin létu úr höfn. Var þar stór hópur manna, sem vildi komast aftur út til Eyja og munu einhverji hafa

komist með. Lögregluþjónar voru við skipin til að bæjja óviðkomandi fólki frá.

Í gær kom vitaskipið Arvakur inn til Vestmannaeyja til að sækja bíla og annað, sem heimamenn höfðu skilið eftir á bryggjunni.

Bæjarstjórnarfundur á örlagastundu

— Þessi bæjarstjórnarfundur er haldinn á örlagastundu. Mikill jarðeldur hefur brotizt út á eyjunni okkar og ógnar nú allri byggð á Heimaei.

Þetta voru upphafsorð Sigurgeirs Kristjánssonar, forseta bæjarstjórnar Vestmannaeyja, við setningu bæjarstjórnarfundar þar í gærmorgun kl. 10. Og það er víst óhætt að segja, að aldrei hafi verið haldinn á Íslandi bæjarstjórnarfundur undir kringumstæðum líkum þeim, sem voru í Vestmannaeyjum í gær. Síðar sagði Sigurgeir:

— Það mun vera einsdæmi í

Íslandssögunni, að flestallir í búar heils bæjarfélags yfirgefi heimili sín fyrirvaralaust eins og gerbið hér í nótt. Það er þakkaréfi, að náttúruhamfarirnar hafa ekki raskað hugarró Vestmannaeyinga, sem hafa tekið þessum válegu atburðum af stillingu og skyrmenni. Eg sést en ekki sít gifturik framkvæmd við flutningana. Eg leyfi mér að þakka öllum, sem hér hafa að unnið. Fyrir þessum fund liggur engin dagskrá, en að sjálfsögðu eru náttúruhamfarirnar umræðuefni. Við reynum að bjarga því, sem bjargað verður og gera

þær ráðstafanir sem í okkar valdi eru til að hjálpar, og til varnar þeim osköpum, sem hér hafa stæðjað. Enginn nema guð veit hvaða stefnu eldgosid tekur, en augljóst er, að bygðin og höfnin eru í hættu. Við getum í því efni aðeins beðið og vonað, að hamingjan forbi okkur frá tortimingu og að folkid fái sem fyrst að koma heim til að lifa þar og starfa. Það er okkar bæn.

Þennan sögulega fund bæjarstjórnar Vestmannaeyja sátu Magnús Magnússon bæjarstjóri, Sigurgeir Kristjánsson forseti Framhald á bls. 23